



ÁRSSKÝRSLA BFSÍ 2023



**bogfimisamband
íslands**

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
STJÓRNUN	3
AÐILDARFÉLÖG	3
STJÓRNARFUNDIR.....	4
REGLUGERÐIR, STEFNUR OG SKIPULAG BFSÍ	4
MANNAUÐUR.....	4
INNLEND SAMSKIPTI.....	5
ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI	7
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS	8
ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA	9
IÐKENDUR.....	10
ÞJÁLFARAR.....	12
DÓMARAR	12
MENNTUN	12
MIÐLAR.....	13
ÖNNUR ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLU VERKEFNI	16
MÓT	20
MÓTATÖLFRÆÐI	21
ÍSLANDSMÓT BFSÍ	22
ÍSLANDSMEISTARAMÓT	24
ÍSLANDSMÓT UNGMENNA.....	25
ÍSLANDSMÓT ÖLDUNGA.....	25
BIKARMÓTARAÐIR BFSÍ	26
UNGMENNADEILD BFSÍ	26
ÖNNUR MÓT	26
AFREKSSTARF	27
PÁTTÖKU OG ÁRANGURS TÖLFRÆÐI OG ÞRÓUN SÍÐASTA ÁRATUG.....	28
A LANDSLIÐSVERKEFNI (HM/EM/ÓL/EL/HL MEISTARA FLOKKUR/FULLORÐINNA)	29
ÖNNUR LANDSLIÐSVERKEFNI FULLORÐINNA (B/C)	30
UNGMENNA LANDSLIÐSVERKEFNI (B/C).....	31
WORLD SERIES	33
HÆFILEIKAMÓTUN.....	34
HEILBRIGÐISTEYMI.....	34
MENNTUN/ENDURMENNTUN AFREKSPJÁLFARA	35
ALÞJÓÐLEGIR DÓMARAR	35
AFREKSSTEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN	36
ÁRANGUR Í LANDSLIÐSVERKEFNUM	37
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL) 2020-2023</i>	38
<i>Keppendur/lið í 17-32 sæti í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL) 2020-2023</i>	38
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefna í U-flokkum (HM/EM/ÓL ungmenna) 2020-2023</i>	38
AFREKSLISTAR.....	39

Formáli

Staða sambandsins er sterk og sambandið komið vel á veg í þróun þrátt fyrir ungan aldur. Ástæða þess er að hluta til margra ára undirbúningur að stofnun sambandsins og vegna mikillar virkni lykilorðstjórnarmanna í sínum störfum, sem þau hafa sinnt af þryði.

Markmið ársskýrslunnar er að gefa grófa yfirsýn yfir verkefni BFSÍ á árinu, yfir starfið í heild sinni og upplýsingar um tölfræði íþróttarinnar. Ársskýrslan ætti því að geta gefið þeim sem hana lesa góða samantekt á stöðu BFSÍ í starfi.

Til þess að ársskýrslan sé ekki of löng í lestri er stiklað á mjög stóru. Reynt að fara ekki of djúpt í umfjöllun hvers liðs þar sem mögulegt er fyrir lesendur að leita sér nánari upplýsinga um hvern lið t.d. í fréttum á bogfimi.is og archery.is. Þar hefur starfsfólk BFSÍ verið iðíð við að birta ítarlegar fréttir um flest verkefni ársins. BFSÍ er sífellt að vinna að því að bæta upplýsinga miðlun um starfið.

Ánægjulegt var að áhrif kórónuveirufaraldursins á árinu voru nánast engin á starfið innanlands og erlendis. En því miður komu í staðin inn raskanir vegna náttúrhamfara t.d. var EM innandyra í Tyrklandi aflýst vegna jarðskjálfta hrinu allt að 7.8 á Richter skala, sem orsakaði meira en 60.000 dauðsföll og 17.000 milljarða skaða. BFSÍ sendi samúðarbréf til Tyrkneska bogfimisambandsins.

Mjög ánægjulegt var að sjá að frammistaða BFSÍ í keppni á alþjóðlegum vettvangi á árinu fór fram. Þó að þátttökumesta landsliðsverkefni BFSÍ, EM innandyra, hafi verið aflýst fjölgaði skráningum í landsliðsverkefni BFSÍ um næstum 30% og aldrei verið fleiri keppendur sem unnu til verðlauna og/eða í úrslitum landsliðsverkefna.

Umfang fjármála sambandsins hefur tvöfaldast á hverju ári frá stofnun sambandsins, sem er hraður vöxtur á stuttum tíma. Gert er ráð fyrir töluverðum



Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

vexti til viðbótar og því þarf að huga að því að auka veltusjóð sambandsins til að taka á dreifingu ársins.

Mannauður er ein mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því eitt mikilvægasta verkefni sambandsins, sem mun stuðla að stöðugri uppbyggingu og þróun á öllu öðru starfi sambandsins og íþróttarinnar. Starfsfólk BFSÍ sinnir nú flestum verkum BFSÍ og er það mikill léttir á sjálfböðaliðum í íþróttinni.

BFSÍ, starfsfólk og stjórnarmenn hafa hlotið hrós og viðurkenningar frá mörgum aðilum á árinu fyrir að standa sig með þryði gagnvart sínum skyldum og störfum. Markmið BFSÍ er að halda áfram því striki og vera sérsamband til fyrirmyndar í alla staði bæði héraðs og erlendis. En að mörgu þarf að hlúa til að tryggja áframhaldandi vöxt og þróun.

Við viljum þakka aðildarfélögum BFSÍ, þjálfurum, iðkendum, keppendum, dómurum og sjálfböðaliðum fyrir uppskeru ríkt bogfimi ár og þann vöxt sem orðið hefur í íþróttinni. Einnig viljum við þakka ÍSÍ, World Archery og starfsmönnum þeirra fyrir mikla og mikilvæga aðstoð og samstarf á líðandi ári.

Með von um áframhaldandi samstarf, vöxt, þróun og útbreiðslu bogfimiíþróttanna.

F.h. stjórnar Bogfimisambands Íslands,
Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður





STJÓRNUN

Frá 55. heimsþingi alþjóðabogfimisambandsins World Archery í júlí 2023

Í stjórn BFSÍ sitja:

- Guðmundur Örn Guðjónsson formaður
- Haraldur Gústafsson varaformaður
- Albert Ólafsson gjaldkeri
- Oliver Ormar Ingvarsson ritari
- Astrid Daxböck meðstjórnandi

Varamenn/skoðunarmenn eru:

- Guðbjörg Reynisdóttir varamaður 1
- Alfreð Birgisson varamaður 2
- Frost Ás Þórðarson varamaður 3
- Ólafur Gíslason skoðunarmaður
- Haukur Hallsteinnsson skoðunarmaður

Stjórn var kosin á bogfimiþingi 2023 og skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum 2023.

Aðildarfélög

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiþróttum. 11 aðildarfélög í 10 íþróttahéruðum voru aðilar að BFSÍ á árinu. Eitt nýtt aðildarfélag og héraðssamband bættist við á árinu UMF Afturelding og UDN. Ósamræmi er iðkenda tölum í skýrsluskilum margra aðildarfélaga BFSÍ til ÍSÍ í Sportabler og í þátttöku þeirra í íþróttinni t.d. í mótum á árinu. Það skiptir miklu máli fyrir BFSÍ og ÍSÍ að aðildarfélög skili réttum iðkenda tölum í skýrsluskilum innan íþróttahreyfingarinnar. Þar sem að töluverðar breytingar hafa verið gerðar á skráningarkerfum og skýrsluskilum í íþróttahreyfingunni á síðustu tveim árum er eðlilegt að einhver aðlögunartími sé og leitað verður leiða með þeim aðildarfélögum að tryggja að réttum tölum verði skilað í framtíðinni.

Bogfimifélagið Boginn	UMSK
Bogfimifélagið Hrói Höttur	ÍBH
Íþróttafélagið Akur	ÍBA
Íþróttafélagið Freyja	ÍBR
Skotíþróttafélagið Dreki	ÚÍA
UMF Afturelding	UDN

Skotíþróttafélag Ísafjarðar	HSV
Skotíþróttafélagið Skyttur	HSK
Skotfélag Austurlands	ÚÍA
Ungmennafélagið Tindastóll	UMSS
Ungmennafélagið Efling	HSP

Stjórnarfundir

Fundargerðir stjórnarfunda er mögulegt að finna á vefsíðu sambandsins.¹ Fundir stjórnar hafa gengið vel. Lykil stjórnarmenn og starfsmenn eru mjög virkir í samskiptum og skipulagi á milli funda og því hafa fundirnir oftast farið í að færa til bókar þau atriði sem komu upp í vinnu á milli funda. Í stjórnendabjálfun ÍSÍ og Olympic Solidarity hefur einnig verið fjallað um neikvæð áhrif óþarfa fundarhalds á starfið, starfsmenn og stjórnarmenn.

Stjórn BFSÍ hefur einbeitt sér að því að setja regluverk sambandsins upp á þann veg að sem sjaldnast þurfi að funda til að taka ákvarðanir um atriði sem er mögulegt að setja upp ferli fyrir í regluverki sambandsins. Starfsmenn BFSÍ geta þá framkvæmt slíkt án sérstaks fundarhalds þar sem ferlið við framkvæmdina hefur þegar verið samþykkt af stjórninni í reglugerðum. Það sparar tíma, eykur gagnsæi, auðveldar starfsmönnum vinnuna, kemur í veg fyrir ósætti eða misskilning og skilar meiri afköstum.

Reglugerðir, stefnur og skipulag BFSÍ

Stjórn BFSÍ fer reglubundið yfir reglugerðir sambandsins til að uppfæra þær í samræmi við þróun, breyttar áherslur, skýringa og vegna utanaðkomandi breytinga s.s. reglubreytinga heimssambandsins. Breytingar voru gerðar á nokkrum reglugerðum BFSÍ á árinu. Mögulegt er að finna allar gildar reglugerðir sambandsins ásamt hvenær þær voru síðast uppfærðar á vefsíðu sambandsins bogfimi.is.



Mannauður

Mannauður er mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því mikilvægt verkefni sem mun stuðla að uppbyggingu íþróttarinnar og sambandsins. Heildar starfshlutfall starfsmanna BFSÍ var 200% árið 2023. Markmiðið er að fjölga stöðugildum en fjárhagur BFSÍ þarf að geta borið slíkar viðbætur á ábyrgan veg. Markmið BFSÍ er að læra af reynslu annara sérsambanda og bogfimilandssambanda og fela starfsmönnum að framkvæma stóran hluta vinnunnar í stað sjálfboðaliða, þar sem það er mögulegt, og fjárfesta í menntun og þróun þeirra. Ljóst er að íþróttahreyfingin er byggð að stærstum hluta á vinnu sjálfboðaliða og eru þeir ein okkar mikilvægasta auðlind. Því er mikilvægt að létta á vinnu sjálfboðaliða með góðu starfsmannahaldi svo að sjálfboðaliðar séu ólíklegri til þess að brenna út og reynsla og þekking þeirra tapist síður úr íþróttinni. Það ætti einnig að tryggja áreiðanlegan rekstur BFSÍ.

Starfsmenn BFSÍ sátu nokkra endurmenntun tengt sínum störfum á árinu. Svo að eitthvað sé nefnt var Valgerður E. Hjaltested valin þátttakandi af WA, WA Excellence Center, Olympic Solidarity, ÍSÍ og BFSÍ í 1,5 mánaða lærlings menntun í Sviss (Resident Coaches Program) í afreksíþróttamiðstöð alþjóðabogfimisambandsins, í-þróttastjóri sat reglubundna net endurmenntun á vegum WA, alþjóðlega dómaramáðstefnu o.s.frv..

¹ <https://bogfimi.is/fundargerdir/>

Innlend samskipti

Bogfimiþing - mars

Annað bogfimiþing BFSÍ var haldið þann 11 mars í samræmi við lög sambandsins. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum sambandsins á þinginu, flestar breytingarnar voru tengdar góðum stjórnháttum. Uppfærð afreksstefna BFSÍ 2021-2029 var samþykkt á þinginu en litlar efnislegar breytingar voru á stefnunni. Farið var yfir ársskýrslu BFSÍ 2021/2022 og ársreikningar 2021/2022 voru samþykktir á þinginu. Óbreytt heildarstefna BFSÍ og aðgerðaáætlun voru einnig kynnt á þinginu ásamt því að valgreiðslu aðildargjöld BFSÍ voru sett o.fl. Eftirfarandi aðilar voru kjörnir á bogfimiþinginu:

- Valdimar Leó Friðriksson var þingforseti og Valgerður E. Hjaltested þingritari.
- Guðmundur Örn Guðjónsson var endurkjörinn formaður til 2 ára
- Astrid Daxböck og Oliver Ormar Ingvarsson voru kjörin meðstjórnendur til 4 ára,
- Guðbjörg Reynisdóttir, Alfreð Birgisson og Frost Ás Þórðarson voru kjörin sem varamenn
- Ólafur Gíslason og Haukur Hallsteinsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga

ÍSí tók saman í fyrsta sinn tölfræði um starfsfólk og stjórnarmenn í íþróttahreyfingunni á árinu. Í þeirri tölfræði kom í ljós að Frost Ás Þórðarson þriðji varamaður BFSÍ er fyrsta kynsegin persóna til þess að vera kjörið í stöðu innan íþróttahreyfingarinnar, þó að aðeins sé um að ræða stöðu varamanns þá er alltaf gaman að vera fyrst.



Mögulegt er að finna frekar um þingið á vefsíðu sambandsins.

Valgreiðslu aðildargjöld BFSÍ

Valgreiðslu aðildargjöld BFSÍ er nýtt á árinu og var samþykkt á bogfimiþingi 2023. Kröfur voru sendar á aðildarfélögin í samræmi við fjölda iðkenda innan þeirra raða 18 ára og eldri byggt á iðkenda tölum í skýrsluskilum til ÍSí. Þar sem að aðstæður aðildarfélaga eru mismunandi þá voru valgreiðslu aðildargjöld talin heppilegri kostur en skyldu aðildargjöld eins og eru í öðrum samböndum t.d. WA. Það er engin refsing við því að greiða ekki valgreiðslu aðildargjaldið og ekkert aukalega sem aðildarfélög sem greiða gjöldin fá að svo stöddu nema góðvild og þakkir frá BFSÍ. BFSÍ treystir að sem flest aðildarfélög sín sjái sér hag í því að greiða gjöldin í framtíðinni til að standa undir starfi BFSÍ eins og ungmennalandsliðum, útbreiðslu, fræðslu o.fl.

BFSÍ vill þakka sérstaklega þeim aðildarfélögum sem sáu sér kleift að greiða aðildargjöldin að BFSÍ árið 2023 að hluta eða að fullu og taka þátt í uppbyggingu BFSÍ og íþróttarinnar:

- Bogfimifélagið Boginn – 747.000.kr
- Skotíþróttafélag Ísafjarðar – 21.000.kr
- Skotfélag Austurlands – 27.000.kr
- UMF Efling – 15.000.kr

Íþróttabing ÍSÍ - maí

Formaður BFSÍ Guðmundur og Oliver ritari sátu íþróttabing ÍSÍ sem haldið var í Hafnarfirði. BFSÍ lagði til eina breytingu á þinginu tengt skiptingu lottótekna, þar sem að 85% af lottótekjum sem úthlutað er til sérsambanda byggt á ákvörðunum sem skortir gagnsæi í. Formaður BFSÍ ákvað að draga tillöguna til baka áður en hún var lögð fyrir til atkvæðagreiðslu á þinginu eftir samræður við aðila innan ÍSÍ sem gáfu óformlegt vilyrði fyrir því að ÍSÍ myndi ljúka því að skapa nýtt gagnsærra ferli og kynna það á formannafundi ÍSÍ í nóvember.



Formannafundur ÍSÍ - nóvember

Formaður BFSÍ sat formannafund ÍSÍ þar sem að meðal annars var kynnt nýtt fyrirkomulag á dreifingu lottótekna milli sérsambanda, nýjar reglur um Afrekssjóð, ný flokkun sérsambanda innan Afrekssjóðs (árangurskvarði) og fleira. Miklar breytingar eru í gangi í íþróttahreyfingunni og eitthvað óöryggi verður á meðan stöðugleiki er að koma á allar breytingarnar, sérstaklega þær sem tengjast fjárveitingum til sérsambanda.

Annað

BFSÍ var í reglulegum samskiptum við aðildarfélög sín um ýmis mál á árinu, bæði til þess að upplýsa aðildarfélögin, aðstoða og leysa tilfallandi mál. Góðu samstarfi og samskiptum var viðhaldið á árinu við Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF) í sameiginlegum verkefnum. Starfsfólk BFSÍ hefur setið marga fundi með ÍSÍ tengt ýmsum verkefnum á árinu og formaður BFSÍ hélt uppi reglubundnum og opnum samskiptum við starfsfólk ÍSÍ. Að sögn eins starfsmanns ÍSÍ voru skýrslu og upplýsingaskil BFSÍ til ÍSÍ til slíkra fyrirmyndar að kröfur um slík skil voru hækkuð á önnur sérsambönd. Alltaf jákvætt að BFSÍ sé til fyrirmyndar.

Met


Íslendingar slógu 107 Íslandsmet, 6 Norðurlandamet og 1 Evrópumet á árið 2023. BFSÍ bætti við Íslandsmetum fyrir þriðju kynskráningu í þjóðskrá (kynsegin/annað). Fyrstu slík met voru sett á árinu og eru eftir því sem best er vitað fyrstu Íslandsmet sem kynsegin íþróttafólk hefur slegið í sögu Íslands og þó víðar væri leitað. Frost Ás Þórðarson átti fyrsta slíka metið á Bikarmóti BFSÍ í janúar. Mögulegt er að finna Íslandsmetaskrá og tilkynningu á vefsíðu sambandsins.

Erfitt hefur reynst að skapa þýðingarmikla og áhugaverða tölfræði samantekt um met. Hvert met er í raun einstakt afrek og ef að einhver met eru slegin á hverju ári þá er það jákvæð þróun í íþróttinni. Unnið verður að því að finna sniðmáti að betri tölfræði samantektum á metum í framtíðar ársskýrslum.

Alþjóðleg samskipti

Heimssambandsfundir

Formaður og starfsmenn BFSÍ sátu mánaðarlega fundi með heimssambandinu WA á árinu. Einnig var öðrum aðilum boðin þátttaka á fundunum þegar að við átti (t.d. fulltrúi ÍF ef fundurinn varðaði málefni fatlaðra). Tilgangur fundanna er m.a. að miðla upplýsingum til landssambanda um málefni sem eru í gangi í íþróttinni og fræða samböndin um komandi verkefni, reglubreytingar, styrki o.fl.. BFSÍ er meðal virkustu landssambanda innan WA í þátttöku á fundunum. Finna má glærur af upplýsingafundunum á vefsíðu heimssambandsins. Starfsfólk WA hefur heimild frá formanni BFSÍ til þess að nota Ísland sem dæmi á öllum slíkum fundum. Reglur/sniðmát frá BFSÍ voru einnig kynnt af WA á fundunum sem dæmi fyrir aðra t.d. val í landsliðsverkefni, sniðmát umsókna til Olympic Solidarity vegna verkefna og slíkt.



Ísland notað sem dæmi við kynningu á viðbótum í skráningarkerfi heimssambandsins

Ársfundur World Archery Nordic (WAN) – mars

Árlegur fundur bogfimisambanda Norðurlanda var haldinn í mars 2023. Fundurinn var haldinn í Osló Noregi og sátu Guðmundur formaður og Valgerður starfsmaður BFSÍ fundinn. Mikið var til umræðu og framkvæmt á fundinum flest af því var tengt tillögum frá íþróttastjóra BFSÍ. Tvær stærstu breytingarnar voru að breytt var um fjarlægðir á NM ungmenna til að erfiðleikastig hækkaði jafnt með aldri keppenda og ákveðið var að hefja halda á NM fullorðinna á ný á 4 ára fresti til að byrja með. Einnig var kynnt fyrirkomulag á NM ungmenna 2023.



Heimsping World Archery (WA) – júlí

55 heimsping WA var haldið í Berlín Þýskalandi í júlí stuttu fyrir HM utandyra. Guðmundur formaður sat þingið fyrir hönd BFSÍ. Fá markverð mál eða reglubreytingar voru á dagskrá sem snerta BFSÍ eða íþróttaiðkun á Íslandi. Kosið var í stjórn, nefndir og slíkt. Þó er vert að nefna að Guðmundur var sæmdur jafnréttis verðlaunum World Archery 2023 á þinginu fyrr störf sín og að Ísland var meðal 23 þjóða með hæsta atkvæðavægi á heimspinginu vegna virkni og þátttöku BFSÍ í starfi WA. Slík alþjóðleg þing eru ávallt góð tækifæri til að bæta samskipti milli landssambanda og stuðla að betri og frekari samvinnu.

Íþróttafólk ársins

Haraldur Gústafsson úr Skaust og Marín Aníta Hilmarsdóttir úr Boganum voru valin íþróttafólk ársins hjá BFSÍ.



Haraldur Gústafsson – Íþróttamaður ársins 2023

Þetta er í fyrsta sinn sem Haraldur hreppir titilinn Íþróttamaður ársins hjá BFSÍ. Haraldur sýndi slíka yfirburði í sinni grein á Íslandi á árinu að sá árangur dugði honum til þess að taka titilinn. Haraldur var fyrstur í 7 af 8 tilfellum í undankeppni og útsláttarkeppni um Íslandsmeistararitla ársins í sinni grein, í eina af þessum 8 tilfellum sem hann þurfti að sætta sig við annað sætið var gegn Íþróttakonu ársins Marín Anítu um Íslandsmeistaratitilinn óháð kyni utandyra.

Marín Aníta Hilmarsdóttir – Íþróttakona ársins 2023

Þetta er í þriðja sinn sem Marín hreppir titilinn Íþróttakona ársins hjá BFSÍ, hún var einnig valin 2020 og 2021. Meðal árangurs Marínar árið 2023 er: Norðurlandameistari, sló Norðurlandameitið, sló 4 Íslandsmet, vann 7 Íslandsmeistararitla einstaklings/félagsliða, varð Íslandsbikarmeistari og vann til tveggja annarra verðlauna í alþjóðlegum mótum erlendis. Marín vann einnig þátttökurétt á Evrópuleikana 2023 og keppti þar fyrir ÍSÍ og var meðal annars fánaberi Íslands á leiknum.

Bogfimifólk ársins 2023 eftir keppnisgreinum

BFSÍ veitir einnig viðurkenningar til keppenda sem stóðu sig best í tölfræði í hverri keppnisgrein. Þau komu til vegna þess að erfitt er að bera saman mismunandi keppnisgreinar og því var talið við hæfi að BFSÍ viðurkenndi afrek íþróttafólks í hverri keppnisgrein, ótengt vali Íþróttafólks ársins sem taka við viðurkenningum frá ÍSÍ.

Auðveldara er að bera saman frammistöðu einstaklinga innan sömu keppnisgreinar. BFSÍ notar hlutlaust valferli byggt á tölfræði íþróttafólksins úr niðurstöðum ársins sem ræður vali íþróttafólks ársins og bogfimifólki ársins. Það gefur einnig traust á valferlinu að það sé byggt á hlutlausum samanburði afreka og niðurstaðna þeirra.

Þeir sem fengu viðurkenningar sem bogfimifólk ársins í sínum keppnisgreinum voru:

Bogfimifólk ársins	Nafn	Félag	Íþróttahérað	Bæjarfélag
Sveigbogi karla	Haraldur Gústafsson	Skaust	UÍA	Egilsstaðir
Sveigbogi kvenna	Marín Aníta Hilmarsdóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Trissuboga karla	Alfreð Birgisson	Akur	ÍBA	Akureyri
Trissubogi kvenna	Freyja Dís Benediktsdóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Berbogi karla	Izaar Arnar Þorsteinsson	Akur	ÍBA	Akureyri
Berbogi kvenna	Guðbjörg Reynisdóttir	Hrói Höttur	ÍBH	Hafnarfjörður

Fjallað er ítarlegra um íþróttafólk ársins og bogfimifólk ársins í fréttum á bogfimi.is og archery.is



ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA


Mynd þátttakendum á World Archery L2 Coaching Seminar haldið í samstarfi við Olympic Solidarity

Markmið BFSÍ í heildarstefnu BFSÍ er að: „Allir hafi tækifæri til þess að æfa og njóta bogfimiþróttta.“ Markmiðið er byggt á markmiði World Archery fyrir heiminn. Þetta er vítt markmið sem nær til margra þátta, bæði iðkenda, keppenda, áhorfenda o.s.frv..

Starfsfólk BFSÍ gaf ráðgjöf til íþróttafélaga á árinu um landið sem voru að íhuga stofnun bogfimideilda. Eitt þeirra gekkst til liðs við BFSÍ á árinu. BFSÍ mun fara hægt af stað í viðbót nýrra aðildarfélaga. M.a. svo að mögulegt sé að laga ferli eftir reynslu sem skapast og að atriði séu unnin vel frekar en hratt. Markmiðið er að skapa aðildarfélög sem eru virk í starfi og þar sem virkni mun viðhaldast til frambúðar. Markmiðið BFSÍ er að styðja ný aðildarfélög mikið í að skapa grunn fyrir sterku starfi á hverju svæði fyrir sig þar til félag verður sjálfbært.

„Íþróttir fyrir alla“ hefur verið vel sinnt af fyrirtækjum eins og Bogfimisetrinu. Þar sem almenningi býðst allt árið að kynnst, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi, á auðveldan og aðgengilegan máta, sér til heilsueflingar og/eða dægradvalar. Hægt er að rekja meiri hluta af vexti íþróttarinnar á Íslandi til þess að auðvelt aðgengi er að slíkri grasrót og aðstöðu til þess að kynnst íþróttinni. Þó væri ánægjulegt ef allir sem stunda íþróttina reglubundið væru skráðir í aðildarfélög BFSÍ og endurspegluðust því í iðkenda tölum. En þar sem meirihluti iðkenda hefur ekki áhuga á því að keppa þá sjá þeir ekki ástæðu til þess að skrá sig í bogfimifélög. Finna þarf fleiri leiðir til þess að gera aðild að bogfimifélögum meira aðlaðandi fyrir almennum iðkendum.

Iðkendum eftir aðildarfélögum þróun - Tölur úr skýrsluskilum til ÍSÍ



Iðkendur

Fjöldi iðkenda í heild jókst um 24,4% á árinu 2023 og aldurs dreifing iðkenda hélt áfram að færast í átt að yngri iðkendum.




Sjá má í töflunum hér til hliðar að fjölgun iðkenda hefur verið nokkuð stöðug síðasta áratuginn fyrir utan stöðnun í vexti í kórónuveirufaraldrinum.

Talið er líklegt að sá vöxtur muni halda áfram eftir því sem aðildarfélög BFSÍ byrja að skila réttari iðkenda tölum, fleiri iðkendur sem stunda bogfimi en eru utan aðildarfélaga BFSÍ færast innan vébanda BFSÍ og ný aðildarfélög ganga til liðs við sambandið. Allavega þá er þróunin vafalaust jákvæð.

U18 iðkendum fjölgaði um 33% og fullorðnum fjölgaði um 16% á árinu. En þetta er fyrsta árið sem fullorðnum iðkendum hefur fjölgað síðan að kórónuveirufaraldurinn skall á 2019.

Konur/stelpur eru nú um 35% af iðkendum, en fleiri konur skrá sig til keppni á mót og meiri þátttaka er meðal kvenna en karla í afreksstarfi BFSÍ. Sem bendir til að fleiri karlar stundi íþróttina til dægradvalar en fleiri konur stundi íþróttina til keppni og árangurs.

Þjóðskrá bætti við þriðju kynskráningu 2021. En flestir kynsegin hafa ekki breytt skráningu sinni í þjóðskrá og endurspeglast þær tölur því ekki vel í tölfræði. BFSÍ er vel búíð að taka við þeim með þeim breytingum sem sambandið hefur unnið að á árinu.





Boginn í Kópavogi er stærsta aðildarfélag BFSÍ og jafnframt stærsta bogfímifélag á Norðurlöndum. Félagið er með gífurlega sterkt ungmennastarf. Um ¾ iðkenda innan BFSÍ er í Boganum og því einnig stærsti hluti tekna BFSÍ. Því fylgir einnig að flestir keppendur í landsliðum BFSÍ eru úr Boganum og hlutfall þátttöku og Íslandsmeistaratitla endurspeglast nokkuð vel í samræmi við iðkenda fjölda félagana.

Til að gefa hugmynd um stöðu Íslands í iðkenda tölum miðað við þjóðir erlendis er hægt að sjá hér til hliðar töflu yfir iðkendur á Norðurlöndum. BFSÍ er um 35% af stærð Danska bogfimisambandsins óháð höfðatölu en um 6 milljón manns búa í Danmörku. 363.212 iðkendur voru skráðir í Evrópu í tölfræði WA 2022 og íbúafjöldi Evrópu er um 750 milljónir. Eins og alltaf standa Íslendingar vel af vígi í öllum tölum m.v. höfðatölu. Starfsfólk BFSÍ er að vinna að frekari samanburðar tölum við Norðurlöndin sem er áætlað að verði birtar á næstu árum.

Útbreiðsla bogfimi stendur því vel á Íslandi í samanburði við aðrar þjóðir og samt er tölur verður vöxtur eftir hjá BFSÍ.

WA mun á næstu árum vinna að því að skapa tölfræði um aðildarsambönd sín, til dæmis tengt iðkendum. Spennandi verður að fylgjast með stöðu BFSÍ í þeirri tölfræði. Starfsfólk BFSÍ hefur þegar útvegað ýmis gögn sem WA hefur óskað eftir tengt því verkefni.



Þjálfarar

12 þjálfarar luku World Archery Coach L2 (WACL2) þjálfararéttindum á þjálfar námskeiði 3-11 júní, sem BFSÍ skipulagði í samstarfi við WA og Olympic Solidarity. Þjálfarakennari WA á námskeiðinu var Tim Swane frá Bretlandi og Íþróttastjóri BFSÍ sat sem matsaðili/prófdómari BFSÍ. Og að sjálf-sögðu gaus eldgos á meðan á námskeiðinu stóð, eins og hefðin er orðin með þjálfar námskeið í bogfimi.



Dómarar

10 landsdómarar voru með réttindi við lok árs 2023. Einn nýr bættist við og 4 þurfa að ljúka endurmenntun 2024 til að framlengja réttindi. Eins og í nágrannalöndum er líttill áhugi á dómgæslu og hefur slíkt því lent nánast að öllu leiti á herðum örfárra hörku dómara. 2/3 dómara eru konur og meðal aldur dómara á Íslandi er mjög ungur miðað við aðrar þjóðir. Umfjöllun um alþjóðlega dómara BFSÍ er undir liðnum Afreksstarf.



Menntun

Net námskeið fyrir dómara á vegum World Archery var í boði allt árið fyrir áhugasama, og mögulegt er að skrá sig í það hvenær sem er á bogfimi.is. Það námskeið er fyrsta skrefið dómaramenntun á Íslandi. Dómarapróf var aðgengilegt á vefsíðu sambandsins allt árið og var því viðhaldið í samræmi við þær reglubreytingar sem komu til á árinu hjá WA og BFSÍ. Alþjóðlegir dómarar innan BFSÍ hafa svo tekið þá sem hafa lokið námskeiði og prófi í lærling á mótum til þess að koma þeim af stað í dómgæslu.

Bóklegi hluti WA/BFSÍ þjálfarastigs 1 er netnámskeið sem er opið allt árið öllum áhugasömum sem vilja taka fyrstu skrefin í því að verða þjálfarar. Þeir sem ljúka námskeiðinu teljast vera „leiðbeinendur“ og mælt er með að þeir starfi undir þjálfara síns félags í a.m.k. eitt ár til að byggja upp grunn reynslu/þekkingu áður en þeir sitja verklega hluta WA Coach L1. BFSÍ horfir til fjölda leiðbeinenda á Íslandi til þess að ákvarða hvenær tímabært sé halda námskeið. Ólíklegt er að WACL1 námskeið verði haldið 2024 á Íslandi þar sem að ekki er mögulegt að ná lágmarksfjölda, þar sem að ekki er nægur fjöldi leiðbeinenda. En mögulegt er að sitja námskeiðin í Afreksmiðstöð alþjóðabogfimisambandsins þau ár sem þau eru ekki haldin á Íslandi fyrir þá sem geta ekki beðið.


Miðlar

Starfsfólk BFSÍ var iðíð við það að skrifa fréttagreinar um bogfimistarf á Íslandi og voru yfir 215 fréttagreinar birtar um ýmsa viðburði og úr íþróttinni á archery.is og bogfimi.is. Ásamt því að taka til efni sem aðrir fjölmiðlar gátu notfært sér til að birta fréttir í sínum fréttum. Auk þess birtust nokkrar fréttir úr starfi BFSÍ á vefsíðu og miðlum ÍSÍ. Aðeins er fjallað um brot af starfinu í fréttum og því ávallt þörf á að auka umsvif í fréttabirtingum. Einnig er mikilvægt er að halda áfram að þróa/skapa efni, byggja upp samstarf við fjölmiðla utan íþróttarinnar, til að auka sýnileika íþróttarinnar á almennum vettvangi.


Úrslit Íslandsmóta og NM voru sýnd beint á YouTube rásinni „Archery TV Iceland“ með sama fyrirkomulagi og á stórmótum erlendis, þó með mun minni kostnaði. Oliver Ormar Ingvarsson hefur að mestu séð um þróun þess og gerð myndskreiða ásamt íþróttastjóra. Birting á viðburðum BFSÍ hefur tekið ótrúlegum framförum á síðustu fjórum árum eins og sjá má í töflunum þar sem áhorf jókst um rúmlega 500% og fjöldi klst jókst næstum fjórfalt. BFSÍ mun halda áfram að fjárfesta í og leggja áherslu á gerð myndskreiða í framtíðinni.

Til viðbótar við að skapa frábært efni eru sjónvarpaðir úrslitaleikir mikilvægur undirbúningur Íslensks afreksfólks til að keppa um verðlaun á hæstu stigum alþjóðlega.


Fréttir í miðlum - News articles published - Bogfimi.is/Archery.is



Áhorf Samtals Archery TV Iceland Rásinni - Views Total Youtube



Áhorf í Klst Archery TV Iceland - Watch Hours Youtube



Starfsfólk BFSÍ tók saman tölfræði um samfélagsmiðla sér sambanda ÍSÍ árið 2022-2023, til að fá betri hugmynd um hvar BFSÍ stæði í samanburði við önnur sérsambönd á Íslandi í þeim þáttum. M.a. til þess að greina styrkleika BFSÍ í miðlum og til að sjá hvar mætti gera betur og hvaða árangri áherslur sambandsins hafa náð í þeim efnun.



34 sérsambönd eru innan ÍSÍ, 29 af þeim stunda einstaklingsíþróttir og 5 stunda hópíþróttir (KSÍ, KKÍ, HSÍ, BLÍ og ÍHÍ). Mest viðeigandi samanburður var talinn að bera BFSÍ saman önnur við sambærileg sérsambönd og áhersla tölfræðinnar því á samanburði við þessi 29 einstaklings íþróttar sambönd.

Það kom öllum á óvart þegar tölur voru fyrst teknar saman árið 2022 að BFSÍ var með flesta Youtube fylgjendur allra einstaklingsíþróttar sambanda á Íslandi. En sú forysta BFSÍ hefur tvöfaldast 2023 og þá er samt mikill vöxtur eftir.

Ef fimm hópíþróttar sérsamböndum er bætt við í listann af Youtube áskrifendum þá er BFSÍ í 3 sæti 2023 á milli KSÍ í 2 sæti og HSÍ sem eru í 4 sæti, sem er ansi vel af sér vikið fyrir ungt sérsamband.

Þetta sýnir að töluverður áhugi er á efni um bogfimi íþróttir á Íslandi og að vel sé staðið að verki hjá BFSÍ í þessum þætti.

Ekki fundust Youtube rásir fyrir 8 af 34 sérsamböndum við samantektina.




BFSÍ hefur lagt mesta áherslu á að sýna frá viðburðum BFSÍ á Youtube og ítarlegar fréttaskriftir á archery.is og bogfimi.is. Slíkar fréttagreinar hafa höfðað til mismunandi fjölmiðla um landið til endurbirtingar og gera iðkendum auðvelt að deila fréttum um árangur sinn á sínum miðlum.

Starfsfólk BFSÍ hefur lagt sérstaka áherslu á að ná til staðbundinna fjölmiðla (local media) og skapa fyrir þá efni til þess að birta eða endurbirta. Góð umfjöllun var í slíkum fjölmiðlum á árinu og áhugi þeirra á íþróttinni hefur verið mikill, sérstaklega tengt gengi íþróttamanna frá þeirra svæðum.


Minni áhersla hefur verið lögð á Facebook og Instagram miðla BFSÍ, sem sést í samanburði við önnur einstaklings íþróttasambönd í töflunum hér til hliðar. Þar sem BFSÍ endar nær þeim tölum sem áætla mætti m.v. fjölda iðkenda. Unnið verður í því á næstu árum að þróa þá miðla frekar.

Skýrsla heimsambandsins um samfélagsmiðla aðildarlanda sinna var kynnt á heimspingi 2023 en sú skýrsla hefur ekki verið birt en sem komið er. Áætlað er að skapa tölfræði samanburð á aðildarlöndum WA í framtíðinni. Þar sem að slíkur samanburður á löndum í sömu íþrótt er mögulega áhugaverðari en samanburður ólíkra íþróttasambanda.

Facebook Áskrifendur Einstaklingsíþróttasambanda 2023



Instagram Áskrifendur Einstaklingsíþróttasambanda ÍSÍ 2023




Önnur útbreiðslu og fræðslu verkefni

Hér er hægt að finna ýmis útbreiðslu- og fræðsluverkefni á árinu. Tilgangurinn er ekki að lista upp öll verkefni sem farið var í árinu, heldur aðeins að gefa innsýn inn í ýmsa þætti úr starfi BFSÍ á árinu.

Mótakerfi BFSÍ


Mótakerfi BFSÍ var tekið í notkun í byrjun árs 2021 mot.bogfimi.is. Þar er meðal annars mögulegt að finna viðburðarlista, úrslit úr innlendum mótum, keppendaskrá, tölfræði um keppendur, þátttöku, landslista og fleira tengt mótum. Gerðar voru tölverðar breytingar í bakenda kerfisins fyrri hluta árs 2023. Breytingarnar voru flestar tengdar breyttum fjarlægðum ungmenna á Íslandi og Norðurlöndum og til þess að bæta við þriðju kynskráningu í þjóðskrá og reglubreytingar á keppnisfyrirkomulagi hjá BFSÍ tengt því. Enn á eftir að ljúka ákveðnum þáttum m.a. þar sem að mótakerfið notfærir sér innkeyrslu utan- aðkomandi gagna úr alþjóðlega skor skráningakerfisins lanseo sem er stillt upp eftir alþjóðareglum, og reglur alþjóðasambandsins innhalda aðeins tvær kynskráningar að svo stöddu. Áframhaldandi þróun á kerfinu verður unnin í samvinnu milli bogfimisambanda Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Þróun kerfisins og mun kerfið vera í sífældri þróun á næstu árum.



Aðildarfélög BFSÍ geta nú óskað eftir aðgangi að kerfinu fyrir sitt félag, þar sem þau geta bætt við eða breytt upplýsingum um félagið og keppendur, framkvæmt félagaskipti, skráð mót, fylgst með móta tölfræði sinna keppenda og fleira. Þau félög sem eru ekki með sitt eigið skráningakerfi eins og t.d. Sportabler geta notfært sér mótakerfið sem sitt megin iðkenda skráningakerfi ef þau kjósa. En sem stendur er kerfið bara keppendaskrá og bara skylda að keppendur félaga séu skráðir í kerfið.

Ianseo úrslitabirtinga- og skipulagskerfið

Miklar breytingar voru gerðar á Íslenska sniðmáti lanseo 2023 og kóða tengdum því. Sérstaklega vegna viðbótar kynlaus flokks (unisex), vegna breytinga á fjarlægðum og aldursflokkum ungmenna í samræmi við breytingar Norðurlandasambandsins og breytingu á nöfnum aldursflokka hjá alþjóðabogfimisambandinu. Áætlað er að gera þurfi nokkrar viðbótar breytingar árið 2024, en slíkar breytingar þarf einnig að samræma við mótakerfi BFSÍ og ianseo.



Aðeins 13 landssambönd eru með sniðmát sem er staðlaður hluti af lanseo úrslitabirtingakerfinu og Ísland er meðal þeirra. Fjögur alþjóða sambönd eru einnig með sniðmát sem er hluti af lanseo (s.s. World Archery og International Paralympic Committee). BFSÍ er ungt landssamband en hefur þegar náð að vera framarlega meðal landssambanda í þróun gagnvart stafrænu móta skipulagi og úrslitabirtingu. BFSÍ hefur einnig metnað til þess að halda áfram slíkri þróun og notfæra sér þá tækni og þekkingu sem er til staðar í íþróttinni alþjóðlega. Slíkt hefur einnig komið sér vel í þróun með sjónvörpuðum úrslitaleikjum móta á Íslandi sem tíðkast almennt ekki nema í allra stærstu löndum alþjóðlega.


Mótaþjónusta BFSÍ

BFSÍ hélt áfram að bjóða upp þjónustu fyrir aðildarfélög að halda mót fyrir þeirra hönd. Þetta fyrirkomulag einfaldar sérstaklega nýjum og minni aðildarfélögum BFSÍ að koma upp reglubundnu mótahaldi á sínum svæðum. Sambærilegt fyrirkomulag er til staðar í sumum stærri landssamböndum s.s. Ítalíu, þar sem landsambandið bíður aðildarfélögum upp á þá þjónustu að halda mót fyrir félögin og deila þátttökugjöldum á slíkum viðburðum á milli sín. Það hefur sýnt sig að vera lausn sem mörg félög vilja frekar, þ.e. að fá sérfræðinga í skor skráninga kerfum og mótaskipulagi til þess að skipuleggja og halda mót í samstarfi við aðildarfélagið. Aðildarfélagið útvegar keppnisvöllinn, skotmörk og sjálfboðaliða til þess að sjá um keppnisvöllinn og starfsfólk BFSÍ sér um skipulag, niðurstöður, skráningar, greiðslur, verðlaun, dómgæslu og rest. Þetta gefur einnig gott tækifæri fyrir aðila innan félagsins að fá starfsreynslu af mótahaldi. BFSÍ mun halda áfram að bjóða upp á þjónustuna fyrir aðildarfélög sem vilja notfæra sér hana.

Önnur verkefni


Unnið var að ýmsum öðrum málum og verkefnum sem bárust á borð starfsmanna BFSÍ. Mörg innri verkefni í þróun sambandsins og íþróttarinnar tengdust einnig útbreiðslu og fræðslu. Flest af þessum verkefnum eru þó mörg hver tímabundin. Hér eru dæmi um nokkur slík áhugverð verkefni:

- Samkomulag er til staðar milli BFSÍ og ISF (International School Federation) sem sér um hald heimsleika framhaldsskóla (Gymnasiade U18) og heimsleika grunnskóla (Gymnasiade U15) um þátttöku Íslenskra ungmenna í bogfimi á viðburðunum þrátt fyrir að Ísland sé ekki aðili að ISF. Ísland er ekki aðili að ISF þar sem engin íþróttasamtök eru á Íslandi fyrir skólaíþróttir.
- Ánægjulegt var á árinu að bæði WA og ÍSÍ vísuðu ákveðnum aðilum og/eða samtökum á starfsfólk BFSÍ til þess að leita sér ráða og/eða upplýsinga tengt ákveðnum málefnum. Þó að slíkt sé meira álag á starfsfólk BFSÍ er ánægjulegt að BFSÍ eins ungt sérsamband og það er hafi náð að setja sig svo framarlega á bekk í ákveðnum málefnum að það geti miðlað þekkingu og reynslu til annarra..
- BFSÍ tók þátt í „trans hóp“ World Archery og nýjar reglur um trans íþróttafólk voru settar fyrir íþróttina á árinu af WA í samráði við hópinn. Mögulegt er að finna þær á vefsíðu WA og BFSÍ.
- Reglur um félagsliðakeppni var breytt á árinu í kynlausa félagsliðakeppni. Þetta var m.a. annars gert til þess auðvelda aðildarfélögum BFSÍ að skipa liðum, gera kynsegin fólki kleift að taka þátt í liðakeppni, stytta Íslandsmót og auka samkeppni í félagsliðskeppni. Breytingin tók gildi um áramót og verður því fyrst keppt í kynlausri félagsliðakeppni árið 2024.
- Formlegum Íslandsmeistaratitlum óháðum kyni var bætt við á árinu. Meðal ástæðna þeirra viðbótar var til þess að kynsegin fólk geti tekið þátt á mótum BFSÍ og til þess að konur/karla hafi vettvang til að keppa sín á milli. Nú eru því þrjú Íslandsmeistaratitlar KK, KVK og óháður kyni á hverju Íslandsmeistaramóti. Yfirgnæfandi meirihluti kynsegin fólks myndi kjósa frekar að keppa um Íslandsmeistaratitil óháðan kyni (lifa utan kynjatvíhyggju) því er ólíklegt að „kynsegin“ Íslandsmeistaratitli verði bætt við í náinni framtíð þó að ekkert í regluverki BFSÍ komi í veg fyrir slíka viðbót í framtíðinni.
- Formlegum Íslandsmetum var bætt við á árinu fyrir þriðju kynskráningu í þjóðskrá. Frekar en að bæta við metum óháðum kyni eins og gert var með Íslandsmeistaratitla var ákveðið að halda frekar sér met fyrir kynsegin/annað kynskráninguna hjá þjóðskrá. Ástæður þess eru m.a. að Íslandsmetið óháð kyni væri hvort



sem er alltaf hæsta skorið af metum í þrem kynskráningunum og því auðvelt að fletta því upp, með þessu móti væri mögulegt að hvetja til íþróttaiðkunar þeirra sem eru kynsegin/annað og á sama tíma að halda gögn utan um hæstu skor þeirra í íþróttinni sem gætu gagnast í framtíðinni.

- WA óskaði eftir að val ferli BFSÍ í landsliðs-kerfni (með áherslu á val á leika s.s. ÓL/EL) væri þýtt á ensku fyrir alþjóðabogfimisambandið (WA), svo að mögulegt væri fyrir WA að kynna Íslenska val ferlið sem dæmi/sniðmát fyrir öðrum landsamböndum á mánaðarlegum netfundum WA í febrúar. Ásamt Íslenska ferlinu voru val ferli Suður-Kóreu, Bandaríkjanna, Bretlands, Tyrklands og Ísrael kynnt. Val ferli BFSÍ fékk mjög góða endurgjöf starfsmanna World Archery þar sem ferli BFSÍ telst ítarlegt, skýrt, einfalt og nákvæmt. World Archery fékk einnig heimild BFSÍ til þess að nota útgáfuna sem dæmi/sniðmát um vel uppsett kerfi fyrir minni aðildarsambönd sín þar sem slík ferli eru oft ekki til staðar.
- Íþróttastjóri BFSÍ hélt áfram að vinna í aðkomu Evrópska bogfimisambandsins WAE að Evrópuhátíð Ólympíuæskunnar (EYOF -European Youth Olympic Festival). Líklegt er að bogfimi verði bætt við sem viðbótar íþróttagrein á einhverjum leikum í framtíðinni en óljóst hvenær það gæti verið. Ólympíuleikar fullorðinna og ungmenna og Evrópuleikar fullorðinna eru einu verkefni sem ÍSÍ og BFSÍ eiga sameiginleg. Með viðbót EYOF þá væri hægt að hugsa það þannig að ÍSÍ og BFSÍ eigi sameinleg HM og EM (ÓL og EL) fyrir bæði fullorðinna og ungmenni. Þetta er því áherslu verkefni fyrir BFSÍ að reyna að koma þessu í gegn.
- Starfsfólk BFSÍ hélt áfram að safna og varðveita upplýsingar um sögu, þátttöku og þróun bogfimi á síðasta áratug. Það er m.a. hægt að sjá í mörgum tölfræði töflum í ársskýrslu BFSÍ þar sem að margar tölur ná alveg aftur til þess tíma þar sem tölur voru 0. Til dæmis hefst iðkenda tölfræði árið 2011 á 0 iðkendum, árið 2012 eru fyrstu iðkendur skráðir í bogfimiíþróttir í iðkenda tölum ÍSÍ. Tölfræði tengt landsliðsverkefnum hefst einnig á 0 þátttakendum árið 2012. Starfsfólk BFSÍ mun halda áfram að vinna að því á næstu árum að varðveita upplýsingar um íþróttina jafnóðum og þær verða til. Mikilvægt er að sú vinna hefjist nú áður en slík gögn tapast. Mikil sprenging hefur verið í fjölda iðkenda, keppenda, dómara, þjálfara, verkefna og landsliðsverkefna á síðasta áratug, og því fylgir meira af sögulegum gögnum sem BFSÍ mun leggja áherslu á að varðveita fyrir framtíðina. Slík tölfræði mun einnig vera góður grundvöllur til þess að fylgjast með þróun ýmissa þátta innan starfs BFSÍ, svo að mögulegt sé að setja nákvæmari markmið í framtíðinni sem eru byggðar á gögnum.
- Áhugi er á stofnun bogfimideilda í ýmsum landshornum og starfsfólk BFSÍ gaf ráð og/eða kynnti íþróttina fyrir viðeigandi aðilum í samstarfi við Bogfimisetrið, sem lét oft í té búnað og/eða aðstöðu til þess. Eitt aðildarfélag bættist við á árinu, Afturelding á Reykhólum, og starfsfólk BFSÍ hefur farið reglubundið í heimsóknir til félagsins á árinu til þess að styðja það í fyrstu skrefunum. Með miklum stuðningi við félög í fyrstu skrefum á fyrsta árinu og reglubundnar heimsóknir eftir stofnun þeirra er talið líklegra að skapi virkara aðildarfélag sem




verður fljótar sjálfbært. Sérstaklega út á landi þar sem oft er verið að stofna deildir á svæðum þar sem engin reynsla af íþróttinni er til staðar og starfsfólk BFSÍ því að aðstoða félögin við að byggja upp reynslu og þekkingu.

- Starfsfólk BFSÍ lagði sig fram á árinu við að aðstoða aðildarfélög BFSÍ við tilnefningar fyrir íþróttahátíðir í sínum bæjarfélögum. Það hefur heppnast vel og markmiðið er að skapa meira slíkt efni í framtíðinni. Svo að einhver dæmi séu nefnd frá árinu 2023:

- Maria Kozak – Efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðar
- Eowyn Marie Mamalias – Topp 10 í vali í Hafnarfirði
- Freyja Dís Benediksdóttir – Topp 5 í vali í Kópavogi
- Izaar Arnar Þorsteinsson og Anna María Alfreðsdóttir – Bæði í topp 10 í vali á Akureyri
- Boginn fékk hvatningarverðlaun fyrir að vera með efnilegasta ungmennið í Kópavogi, en þetta er aðeins í 4 sinn sem sú viðurkenning er veitt í sögu bæjarins
- Boginn fékk viðurkenningu frá jafnréttis og mannréttindaráði Kópavogsbæjar fyrir starf sitt í að stuðla að þátttöku hinsegin fólks í íþróttum
- Ásamt fjölmörgum annarra viðurkenninga og styrkja á árinu sem komu til frá íþróttahátíðum.



- WA óskaði eftir að Ísland kynnti fyrir öðrum landsamböndum skipulag OS námskeiða og umsóknir tengdar þeim fyrir styrkjum frá Ólympíusamhjalparinni (Olympic Solidarity) á netfundum á árinu. WA hafði tekið eftir því í samskiptum við WA að Ísland var mjög skipulagt í slíkum umsóknum og átti auðvelt með að mæta öllum kröfum slíkra umsókna. WA taldi það reynslu sem væri verðug að deila með öðrum. Íþróttastjóri BFSÍ bjó einnig til einfalt leiðbeininga skjal og sniðmát OS umsókna sem önnur landsambönd gætu notfært sér til að auðvelda fyrir aðra að sækja um slíkt og WA deilir til landsambanda sem þeir eru að styðja í OS umsóknarferlinu.



- Vinna að breytingum er en í vinnslu á vopnalögum til þess að 16 ára og yngri geti stundað íþróttina í æfingum og keppni í samræmi við það sem tíðkast í öðrum löndum. Og svo mögulegt verið fyrir BFSÍ að halda einhver alþjóðleg mót á Íslandi í framtíðinni t.d. NM ungmenna eða EM fullorðinna. Frumvarpið fékk stuðning frá þingmönnum í öllum stjórnarálflokkum þegar það var lagt fram fyrst og almennt er jákvæðni til staðar að breyta þessu ákvæði. En ekki hefur ennþá tekist að fá þessu breytt. Síðast var rætt um bogfimi ungmenna á [154 löggjafarþingi 14 desember 2023](#).
- Mörgum minni útbreiðslu og fræðslumálum var einnig miðlað til aðildarfélagana á árinu s.s. þjálfaramenntun ÍSÍ og slíku.



MÓT

Bakviðsmynd frá Íslandsmóti Ungmenna

Samtals voru 29 metahæf mót haldin á árinu 2023 sem er sambærilegur fjöldi og árið 2022. En líklegt að sú tala muni falla á árinu 2024 þar sem að ungmennadeild BFSÍ verður ekki lengur metahæf.

Öll mót ársins voru haldin af starfsfólki BFSÍ oft í samstarfi við aðildarfélögin og öll úrslit voru birt í alþjóðlega úrslita kerfinu ianseo og eru úrslit úr þeim aðgengileg á heimasíðu kerfisins ianseo.net. Mögulegt er að finna ýmsa móta tengda tölfræði á næstu síðum úr mótakerfi BFSÍ mot.bogfimi.is og sem að starfsfólk BFSÍ hefur tekið handvirkt saman.


Konur eru nú um 35% skráðra iðkenda í bogfimi innan aðildarfélaga sem er um 5% aukning hlutfalls kvenna frá fyrra ári. En kynjahlutföllin snúast

nánast við þegar horft er til mótapátttöku, þar sem um 56% af skráningum á mót eru konur. Konur eru einnig í meirihluta í afreksstarfi BFSÍ.


Fjöldi keppenda sem eru með aðra kynvitund en KK/KVK hefur einnig fjölgað, en þar sem ekki hefur verið boðið upp á skráningu í þriðju kynskráningu (Kynsegin/annað) í þjóðskrá um langt skeið er ekki mikið hægt að lesa í þær tölur að svo stöddu.

Stiklað er á stóru í ársskýrslunni en mögulegt er að finna ítarlegar fréttir um mót ársins á vefsíðunum archery.is og bogfimi.is. Bein streymi og úrslit allra Íslandsmeistaramóta og Íslandsmóta ungmenna ársins er hægt að finna á Archery TV Iceland Youtube rásinni.


Skráningar á innlend mót - National Event Participation




Skráningar á innlend mót eftir keppnisgrein - National Event Participation by Division (Bow type)




Skráningar á innlend mót eftir íþróttagrein - National Event Participation by Sport



Skráningar á mót eftir aðildarfélagi - National Event Participation by Club



Íslandmeistaratitlar eftir félagi samtals (allir aldursflokkar) - National Titles by Club






Íslandsmót BFSÍ

Sjö Íslandsmót voru haldin á árinu, fjögur innandyra og þrjú utandyra, en ákveðið var að slá á frest þróun Íslandsmóts í víðavangsbogfimi vegna skorts á svæðum, þátttöku og áhuga. En áætlað er að halda þróun víðavangsbogfimi áfram á næstu árum. 2018 og fyrr voru aðeins tvö Íslandsmót. Þessi fjöldi Íslandsmóta er að miklu leiti vegna skiptingu Íslandsmóta eftir aldursflokkum sem hófst 2019. Það er nauðsynlegt bæði vegna fjölgunar iðkenda, svo að auðveldara sé að koma Íslandsmótum fyrir í aðstöðum, til að stytta tíma hvers móts, til að koma fyrir beinum útsendingum úrslita á hverju móti og til þess að gefa svigrúm fyrir alþjóðlega hluta mótana. Endanlega markmiðið er að öllum aldursflokkum verði skipt niður í sér Íslandsmót. Hvenær slíkt gerist verður skoðað í samræmi við aukningu þátttakenda.

Ánægjulegt var að sjá að þátttaka Aftureldingar á Reykhólum var góð í mótum á árinu. Bæði þar sem að félagið er nýjasta aðildarfélag BFSÍ og er í fámennum bæjarfélagi. Stuðningur BFSÍ við að koma félaginu af stað er að skila góðum árangri.

Íslandsmeistaratitlum fjölgaði á árinu eftir viðbót titils óháðum kyni. 118 Íslandsmeistaratitlar í karla, kvenna og óháður kyni einstaklinga, og karla, kvenna og blandaðri félagsliðakeppni voru veittir í 3 keppnisgreinum, 2 íþróttagreinum og 5 aldursflokkum (U16, U18, U21, M.fl. og 50+). Titlar í langbogaflokki





eru óformlegir á Íslandsmótum að svo stöddu, en ef þátttaka í langbogaflokki eykst er líklegt að þeirri keppnisgrein verði bætt formlega við í framtíðinni.

Félagsliðakeppni var breytt um áramótin 23-24 í keppni óháða kyni. Meðal ástæðna er til þess að kynsegin fólk geti tekið þátt í félagsliðakeppni, til þess að fjölga liðum, stytta úrslit Íslandsmóta þar sem nú er ein liðakeppni í stað þriggja og þetta var einnig aðgerð til að koma á mótis við minni aðildarfélag sem eiga oft erfitt að skipa fullu liði í hvoru kyni.

Það var einnig ánægjulegt að sjá að aðildarfélag úr öllum landshornum unnu fleiri en einn titil á árinu í einhverri keppnisgrein og aldursflokki. Einhver gróska er um allt landið og verður spennandi að sjá hvar íþróttin verður eftir áratug með viðbót fleiri virkra félaga um landið.

Kynjahlutfall skráninga á Íslandsmót hélt áfram að færast í átt að kvenna meirihluta í íþróttinni. BFSÍ hefur ekki unnið að sérstökum verkefnum eða aðgerðum til þess að stuðla að þátttöku kvenna í íþróttinni, þó að unnið hafið verið að tækifærum kynsegin fólks á árinu.

Fólk óháð kynskráningu hefur jöfn tækifæri til þess að stunda bogfimi. Það eru bara fleiri konur sem vilja/hafa gaman af því að taka þátt í keppni þegar allt er jafnt og það virðist ekki þurfa að hvetja sérstaklega til þess. Bogfimi er bara greinilega meira kvenna íþrótt þvert á ályktanir margra sem telja bogfimi vera „stráka íþrótt“.



Íslandsmeistaramót

Íslandsmeistaramót innandyra - mars

Íslandsmeistaramót í meistaraflokki innandyra var haldið í Bogfimisetrinu í mars. Mikið var um að vera á mótinu, mörg óvænt úrslit og margar nýjar viðbætur við íþróttina. Mótið var fyrsta Íslandsmeistaramótið með viðbót Íslandsmeistaratitils óháðum kyni. Breytingar sem var m.a. gerð til þess að koma á móts við kynsegin/annað fólk og að konur geti keppt við karla. Lengstu sigurraðir Íslandsmeistaratitla í karla og kvenna flokki voru brotnar á mótinu. 11 titla sigurröð Guðbjargar Reynisdóttir og 7 titla sigurröð Izaars Arnars Þorsteinssonar voru brotnar af Hebu Róbertsdóttir og Gumma Guðjónssyni. Keppt var óformlega í langbogaflokki, en vonast er til þess að þróa og auka þátttöku í greininni og að bæta við formlegum titli í langboga í framtíðinni.

Íslandsmeistaratitlar einstaklinga urðu:

- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Haraldur Gústafsson – Skaust – karla
 - Valgerður E. Hjaltested – Boginn – kvenna
 - Haraldur Gústafsson – Skaust – óháð kyni
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Nói Barkarson – Boginn – karla
 - Eowyn Marie Mamalias – Hrói Höttur – kvenna
 - Eowyn Marie Mamalias – Hrói Höttur – óháð kyni
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – karla
 - Heba Róbertsdóttir – Boginn – kvenna
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – óháð kyni



Í félagsliðakeppni vann Boginn alla 9 Íslandsmeistaratitla félagsliða.

Íslandsmeistaramót utandyra - júlí

Íslandsmeistaramót utandyra var haldið í júlí á Hamranesvelli í Hafnarfirði. Óvenju lág þátttaka var á mótinu að þessu sinni, þrátt fyrir gott veður, sem telst sjaldgæft á Íslandsmeistaramótum á Íslandi (bæði að það sé gott veður sé og að þátttaka lækki).

Íslandsmeistaratitlar einstaklinga urðu:

- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Haraldur Gústafsson – Skaust – karla
 - Valgerður E. Hjaltested – Boginn – kvenna
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Boginn – óháð kyni
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Alfreð Birgisson – Akur – karla
 - Freyja Dís Benediktsdóttir – Boginn – kvenna
 - Freyja Dís Benediktsdóttir – Boginn – óháð kyni
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Izaar Arnar Þorsteinsson – Akur – karla
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Izaar Arnar Þorsteinsson – Akur – óháð kyni



Í félagsliðskeppni í meistaraflokki vann Boginn 3 titla og Skaust vann 1 titil.

Íslandsmót ungmenna

Íslandsmót ungmenna innandyra - febrúar

Íslandsmót ungmenna innandyra var haldið í Bogfimisetrinu í tvennu lagi sömu helgi í febrúar. Íslandsmót U16/U18 á laugardegi og Íslandsmót U21 á sunnudegi. Veittir voru 40 Íslandsmeistararitlar og slegin 18 Íslandsmet í harðri samkeppni á mótinu. Boginn sýndi yfirburði á mótinu með 75% af titlum og 95% af metum á mótinu. Of mikið er að fjalla um til þess að koma öllu fyrir í stuttri samantekt en mögulegt er að finna úrslit allra móta í mótakerfi BFSÍ og á tengdri úrslitasíðu niðurstöðu kerfisins ianse.net, ásamt fréttum um mótið á archery.is og bogfimi.is.



Eitt af mörgum hollum keppenda Íslandsmóti U16/U18

Íslandsmót ungmenna utandyra - júní

Íslandsmót ungmenna utandyra var haldið á Hamranesvelli í Hafnarfirði í júní. Mótið var ansi langt þar sem að margir úrslitaleikur voru. Samtals voru 31 Íslandsmeistararitlar veittir og slegin 15 Íslandsmet. Boginn sýndi mikla yfirburði á mótinu og tók 25 af 27 gull verðlaunum og sló 7 af 7 Íslandsmetum sem slegin voru á mótinu. Þátttökufjöldi stóð í stað milli ára á Íslandsmóti ungmenna utandyra og búist er við að það muni taka einhvern tíma þar til að við sjáum vöxt í þátttöku utandyra eins og var fyrir faraldur.



Hluti keppenda í undankeppni Íslandsmót ungmenna utandyra

Íslandsmót öldunga

Íslandsmót öldunga utandyra - júní

Íslandsmót öldunga utandyra var haldið á Hamranesvelli í Hafnarfirði í júní. Þátttaka var óvenju lítil á mótinu en veittir voru 5 Íslandsmeistararitlar á mótinu (aðeins í 50+) og eitt Íslandsmet var slegið, sem er mun minna en fyrri ár. Líklega er hægt að rekja það til langtíma áhrifa kórónuveirufaraldursins á öldungastarf í íþróttinni. Þar sem þátttaka var lág á öldungamótinu voru hald Íslandsmóts öldunga og úrslit þess sameinuð með Íslandsmóti ungmenna utandyra.

Íslandsmót öldunga innandyra desember

Íslandsmót öldunga innandyra gekk vel og var haldið við lok árs til þess að dreifa mótunum meira yfir árið. Þátttakendur voru færri en hafa verið síðustu ár og reynst hefur erfitt að virkja eldri iðkendur til keppni á ný eftir kórónuveirufaraldurinn. Einnig fækkaði eldri iðkendum töluvert í faraldrinum og því líklegt að þátttaka á öldungamótum næstu ár verði lág, þó að þátttaka ungmenna sé að aukast. Íslandsmót öldunga var haldið sömu helgi og bikarmót BFSÍ í desember.



Sveinn Sveinbjörnsson var aldursforseti keppenda sem stendur 78 ára ungur. Það er aldrei of seint að byrja!

Bikarmótaraðir BFSÍ

Fyrstu bikarmótaraðir BFSÍ voru haldnar 2023 og því einnig krýndir fyrstu Bikarmeistarar í íþróttinni. Starfsfólk BFSÍ hefur haldið ýmis konar mót og mótaraðir á síðasta áratug í ýmsum formum til að finna besta fyrirkomulag slíkra bikarmót. Haldin voru 4 bikarmót innandyra og Bikarmeistari krýndur sá sem var með þrjú hæstu skor samanlagt. Sama fyrirkomulag var utandyra nema þar voru 3 bikarmót haldin og sá með 2 hæstu skor úr þeim krýndur Bikarmeistari. Bikarmótaraðir BFSÍ eru kynlausar til að skapa meiri samkeppni og reynslu og stuðla að þátttöku kynsegin fólks. Konur sýndu mikla yfirburði á bikarmótum og Bikarmótaröðum ársins. Ekki munaði miklu að konur yrðu Bikarmeistarar í öllum keppnisgreinum 2023 inni og úti.

Bikarmótaröð BFSÍ innandyra 2023

Alfreð Birgisson (Akur trissubogi), Guðbjörg Reynisdóttir (Hrói berbogi) og Marín Aníta Hilmarsdóttir (Boginn sveigbogi) voru sigurvegarar í fyrstu Bikarmótaröð BFSÍ innandyra fyrir tímabilið 2022-2023 og hrepptu 50.000.kr verðlaunaféð fyrir sigur í sinni keppnisgrein. Mótaröðinni lauk í byrjun árs 2023 og telst því sem 2023 Bikarmótaröðin og þau þrjú eru því fyrstu Bikarmeistarar BFSÍ. Flest mót í Bikarmótaröðinni 2022-2023 tímabilið voru tengd við World Series Open mótaröð heimssambandsins, en fjallað er um niðurstöður þar í ársskýrslunni undir liðnum „afreksstarf“ og öll mótin voru haldin í Bogfimisetrinu. Bikarmótaröðin 2023-2024 er langt á veg komin en lokamótið er í janúar 2024 þar sem krýndir verða bikarmeistarar 2024 og verður því fjallað um hana í ársskýrslu BFSÍ 2024. Því miður breytti World Archery fyrirkomulagi World Series heimsmótaráðarinnar og því ekki mögulegt að tengja niðurstöður úr Bikarmótum BFSÍ innandyra 2024 við niðurstöður úr Indoor World Series.



Alfreð Birgisson (Akur trissubogi), Guðbjörg Reynisdóttir (Hrói berbogi) og Marín Aníta Hilmarsdóttir (Boginn sveigbogi) voru sigurvegarar í fyrstu Bikarmótaröð BFSÍ innandyra fyrir tímabilið 2022-2023 og hrepptu 50.000.kr verðlaunaféð fyrir sigur í sinni keppnisgrein. Mótaröðinni lauk í byrjun árs 2023 og telst því sem 2023 Bikarmótaröðin og þau þrjú eru því fyrstu Bikarmeistarar BFSÍ. Flest mót í Bikarmótaröðinni 2022-2023 tímabilið voru tengd við World Series Open mótaröð heimssambandsins, en fjallað er um niðurstöður þar í ársskýrslunni undir liðnum „afreksstarf“ og öll mótin voru haldin í Bogfimisetrinu. Bikarmótaröðin 2023-2024 er langt á veg komin en lokamótið er í janúar 2024 þar sem krýndir verða bikarmeistarar 2024 og verður því fjallað um hana í ársskýrslu BFSÍ 2024. Því miður breytti World Archery fyrirkomulagi World Series heimsmótaráðarinnar og því ekki mögulegt að tengja niðurstöður úr Bikarmótum BFSÍ innandyra 2024 við niðurstöður úr Indoor World Series.

Bikarmótaröð BFSÍ utandyra 2023

Sámuel Peterson (Akur trissubogi), Valgerður E. Hjaltested (Boginn sveigbogi) og Heba Róbertsdóttir (Boginn berbogi) urðu Bikarmeistarar í sínum keppnisgreinum í Bikarmótaröð BFSÍ utandyra 2023. Þetta var einnig fyrsta Bikarmótaröð BFSÍ utandyra og fyrsta sinn sem krýndir hafa verið Bikarmeistarar, þó að áður hafi verið haldin stök bikarmót á vegum BFSÍ.

Ungmennadeild BFSÍ

12 mót í Ungmennadeild BFSÍ voru haldin á árinu. Ungmennadeildin er mánaðarleg fjarlægð mótaraðin innandyra sem haldin er af BFSÍ og er byggð upp á þann veg til að stuðla að þróun mótahalds innan aðildarfélaganna BFSÍ með stuðningi frá starfsfólki BFSÍ. Ungmennadeild BFSÍ fyllir einnig í skort á þátttökumöguleikum ungmenna á mótum í sínum aldursflokkum og fjarlægðum. Haldið verður áfram með deildina á komandi árum, en þó ekki metahæfa, til þess að gefa yngri keppendum möguleika á að eiga fyrstu kynni af bogfímimóti í heimabyggð á umhverfisvænan og auðveldan hátt þeim að kostnaðarlausu.



Ungmennadeildin er mánaðarleg fjarlægð mótaraðin innandyra sem haldin er af BFSÍ og er byggð upp á þann veg til að stuðla að þróun mótahalds innan aðildarfélaganna BFSÍ með stuðningi frá starfsfólki BFSÍ. Ungmennadeild BFSÍ fyllir einnig í skort á þátttökumöguleikum ungmenna á mótum í sínum aldursflokkum og fjarlægðum. Haldið verður áfram með deildina á komandi árum, en þó ekki metahæfa, til þess að gefa yngri keppendum möguleika á að eiga fyrstu kynni af bogfímimóti í heimabyggð á umhverfisvænan og auðveldan hátt þeim að kostnaðarlausu.

Önnur mót

BFSÍ hélt þrjú Sumarmót fyrir yngri iðkendur og áhugamenn (byrjendur) samhliða Bikarmótum BFSÍ utandyra á Hamranesvelli í Hafnarfirði í samstarfi við BF Hróa Hött. Tilkoma þeirra var m.a. til þess að koma á mótis við skort á utandyra mótum á Íslandi, sérstaklega þar sem byrjendur og ungmenni geta keppt á sínum fjarlægðum.



AFREKSSTARF

Trissuboga kvenna liðið með gull í meistaraflokki á bikarmóti í Slóveníu, sem hækkaði liðið í 7 sæti á Evrópulista og 17 sæti á heimslista

Árangur BFSÍ í afreksstarfi árið 2023 hefur verið góður og er batnandi. Vel er staðið að starfi og umgjörð afreksstarfsins. Afrekssjóður ÍSÍ (ASJ) er stærsti styrktaraðili BFSÍ í afreksstarfi. Miklar breytingar voru gerðar á regluverki ASJ við lok árs og nýr árangurkvarði settur upp sem skiptir sérsamböndum í 6 flokka í stað A/B/C flokkunarkerfisins sem var áður.


BFSÍ hefur hækkað ört í fjármögnun úr Afrekssjóði í samræmi við árangur sambandsins og þróun þess, sem er líklega með hraðari vexti íþróttar í íþróttasögu landsins. BFSÍ var 11 efsta sérsamband í heildar úthlutun úr sjóðnum af 32 sérsamböndum árið 2023. Það stefnir í að BFSÍ verði á topp 10 listann af Afreksíþróttasamböndum hjá ASJ á næstu árum. Sem er býsna hröð, góð og mikil framför m.v. að 2019 var BFSÍ ekki til og engin fjárstuðningur tengt afreksstarfi í íþróttinni til staðar.

Töluverður vöxtur hefur verið í þátttöku í afreksstarfi BFSÍ á árinu. Búist var við slíku þar sem að Covid árin 2020 og 2021 sýndu ekki rétta mynd af vexti BFSÍ og því 2023 í raun fyrsta árið þar sem sést eðlilegri mynd af stöðu sambandsins. Áhugavert er þó að nefna að ef að stærsta landsliðsverkefni BFSÍ (EM innandyra) hefði ekki verið aflýst á þessu ári vegna náttúruhamfara í Tyrklandi þá hefði heildar umfang afreksstarfs BFSÍ svo gott sem tvöfaldast á milli ára. Þó er líklegt að þessi vöxtur muni byrja að jafnast út á árunum 2024-2028 og því mun á næstu árum komast meiri stöðugleiki á starfsemi sambandsins.


Umfang starfsins er byrjað að setja töluvert álag á starfsmenn BFSÍ og þeir hafa ekki náð að sinna öllum verkefnum eins vel og mætti gera. Verið er að vinna í að finna leiðir til að straumlínulaga starfið á ýmsa vegu til að minnka álag á starfsmenn og dreifa verkefnum betur yfir árið. En þó að slíkt muni minnka álag í skammtímanum er það ekki varanleg lausn, sérstaklega ef horft er til þess hve jafn, þéttur og hraður vöxtur hefur verið á almennu starfi BFSÍ og afreksstarfi í bogfimi á síðasta áratug, eins og sjá má í töflunum hér á næstu síðu.

Ársskýrslur BFSÍ eru oft orðnar býsna langar, enda oft mikið í gangi í starfi sambandsins sem vert er að greina frá og erfitt að velja og hafna því hvað fær umfjöllun og hvað ekki. Í stað þess að skrifa langa greinagerð um hvert verkefni BFSÍ í afreksstarfi á næstu síðum skýrslunnar er þess í stað mjög stuttur texti um hvert verkefni óháð árangri sem náðist á frekar stöðluðu formi og vísað í að mögulegt er að finna mun ítarlegar fréttir og upplýsingar um landsliðsverkefni BFSÍ 2023 á heimasíðu sambandsins <https://bogfimi.is/> og á bogfimifrétta-vefnum <https://archery.is/>


Samtals í landsliðsverkefnum erlendis - Total National Team Participation/Results




A Landsliðsverkefni tölfraði - A National Team Events Participation/Results HM/EM/ÓL/EL/HL



B Landsliðsverkefni tölfraði - B National Team Events Participation/Results Heims-/Evrópubikarmót fullorðinna, HM/EM/ÓL/EL/EB ungmenna



C Landsliðsverkefni erlendis tölfraði - C National Team Events Participation/Results World Series, NUM HM/EM/HL/EL Öldunga og önnur heimslístmót



A landsliðsverkefni (HM/EM/ÓL/EL/HL meistara flokkur/fullorðinna)

European Indoor Championships (EM innandyr) – Samsun Tyrkland febrúar AFLÝST

EM innandyr var aflýst vegna náttúruhamfara í Tyrklandi og þjóðarsorgar sem lýst var yfir í landinu í framhaldi af því. Jarðskjálftahrina reið yfir landið og yfir 50.000 manns fórust.

34 þátttakendur frá Íslandi voru bókaðir á mótið og mótinu var aflýst dögum áður en ferðin hófst. Starfsfólk BFSÍ stóð sig frábærlega og náði að fá 95% af gjöldum tengt mótinu endurgreidd, sem er eitt hæsta hlutfall allra þjóða.

Ísland var talið líklegt til að taka fyrstu verðlaun sína á HM/EM á þessu móti, en það verður þá að bíða til EM innandyr 2024.



Guðbjörg Reynisdóttir í 5 sæti á EM innandyr 2022

European Games 2023 (Evrópuleikar 2023) – Krakow Pólland júní

Marín Aníta Hilmarsdóttir keppti á vegum ÍSÍ á Evrópuleikunum. Marín var fánaberi Íslands á opunarhátíð leikana. Marín skoraði yfir lág-mörkum fyrir Ólympíuleika í undankeppni mótsins og var í 38 sæti. Í útsláttarkeppni mætti Marín Tsiko Putkaradze frá Georgíu. Leikurinn var nokkuð jafn en endaði með 7-3 sigri Tsiko sem sló Marín út úr keppni. Marín endaði því í 33 sæti Evrópuleikana. Evrópuleikarnir eru á vegum European Olympic Committee (EOC) og er stærsti íþróttaviðburður í Evrópu. Samtals voru 124 þátttakendur frá 36 af 48 þjóðum innan WAE.



Marín Aníta Hilmarsdóttir í 33 sæti á Evrópuleikunum 2023

World Outdoor Championships (HM utandyr) – Berlín Þýskaland júlí

712 þátttakendur frá 75 þjóðum tóku þátt á HM að þessu sinni og mótið var fyrsta undankeppni ÓL 2024, en aðeins efstu 3 lið og 3 einstaklingar unnu þátttökurétt á ÓL. Trissuboga kvenna liðið komst í útsláttarkeppni HM og endaði í 17 sæti eftir að vera slegnar út af HM af Ítalíu 222-190 og allar trissuboga konurnar komust einnig inn á HM eftir undankeppni en voru allar slegnar út í fyrsta útslætti í einstaklingskeppni og enduðu í 57 sæti. Hinir 6 keppendur Íslands komust ekki áfram eftir undankeppni einstaklinga (topp 104) og enduðu á bilinu 111-166 sæti í sínum keppnisgreinum.

Samtals voru 725 þátttakendur frá 75 þjóðum



Eitt af fjórum keppenda hollum í undankeppni HM í Berlín. 712 þátttakendur frá 75 þjóðum áttust við um titla í 2 keppnisgreinum (sveigboga og trissuboga).

Önnur landsliðsverkefni fullorðinna (B/C)

Veronicas Cup World Ranking Event – Kamnik Slóveníu maí

Stelpurnar okkar slógu aftur í gegn á Veronicas Cup WRE og tóku gullið í liðakeppni á bikarmótinu með 225-219 sigri í úrslitaleiknum gegn Lúxemborg og hækkuðu Íslenska liðið í 17 sæti á heimslista og 7 sæti á Evrópulista.

Ísland hefur unnið trissuboga kvenna gullið á þessu heimslistamóti þrisvar af síðustu fjórum skiptum (2021 tók Ísland ekki þátt vegna Covid).

7 keppendur voru frá Íslandi. 3 keppendur unnu til verðlauna og hinir 4 komust í úrslit (topp 16+). Samtals voru 291 þátttakandi frá 31 af 48 þjóðum innan WAE.



Þórdís, Freyja og Anna í 1 sæti liða á Veronicas Cup WRE

European Grand Prix (Evrópubikarmót) – Lilleshall Bretland apríl

Vel gekk á Evrópubikarmótinu í Bretlandi á heildina litið.

Hæsta niðurstaða BFSÍ var 5 sæti eftir naumt tap gegn Þýskalandi í trissuboga kvenna 8 liða úrslitum, Ísland leiddi 107-103 eftir fyrstu 2 loturnar en Þýskaland náði að snúa því við í 211-207 sigur með tveim frábærum lotum og slógu Ísland því út.

9 keppendur voru frá Íslandi á Evrópubikarmótinu. Allir þeirra komust í úrslit mótsins (topp 16+). Samtals voru 380 þátttakendur frá 40 af 48 þjóðum innan WAE.



Mynd úr leik Íslands og Þýskalands í 8 liða úrslitum

Final Qualification Tournament European Games 2023 – Lilleshall Bretland apríl

Valgerður E. Hjaltsted náði besta árangrinum á mótinu og endaði í 4 sæti og tryggði Íslandi þar með einstaklings þátttökurétt á Evrópuleikana 2023 í Póllandi.

Valgerður hafði þó ekki náð lágmarks skor viðmiðum Evrópuleikana á tímabilinu og í samræmi við regluverk BFSÍ um nýtingu slíkra þátttökurétta var Marín Aníta Hilmarsdóttir því valin til þátttöku á Evrópuleikana fyrir ÍSÍ, þar sem Marín hafði náð lágmarks skor viðmiðinu á tímabilinu og var því næst í forgangsröðinni.

9 keppendur voru frá Íslandi á mótinu. 3 komust í úrslit (topp 16+) og 6 voru slegnir út á mismunandi stigum útsláttarkeppni. Samtals voru 380 þátttakendur frá 40 af 48 þjóðum innan WAE.



Það munaði litlu að Valgerður tæki verðlaun á mótinu

World Cup Stage 4 (Heimsbikarmót 4) – París Frakklandi ágúst

Trissuboga kvenna liðið keppti á heimsbikarmótinu í París og endaði í 9 sæti eftir að Mexíkó sló Ísland út í 16 liða úrslitum 234-214. Mexíkó tók silfrið á mótinu.

Eowyn og Anna komust einnig í útsláttarkeppni einstaklinga en voru slegnar út í fyrsta útslætti af endalegum silfur og brons verðlaunahöfum mótsins og enduðu báðar í 33 sæti. Ewa var óheppin og lenti í búnaðarbilun og rétt svo missti af því að komast áfram eftir undankeppni einstaklinga, hún endaði í 65 sæti en 64 halda áfram eftir undankeppni á World Cup.

Samtals voru 528 þátttakendur frá 58 þjóðum.



Kvenna liðið í 9 sæti á heimsbikarmótinu í París

Ungmenna landsliðsverkefni (B/C)

European Indoor Youth Championships (EM U21 innandyrá) – Samsun Tyrkland febrúar AFLÝST

EM innandyrá var aflýst vegna náttúruhamfara í Tyrklandi og þjóðarsorgar sem lýst var yfir í landinu í framhaldi af því. Jarðskjálftahrina reið yfir landið og yfir 50.000 manns fórust.

34 þátttakendur frá Íslandi voru bókaðir á mótið og mótinu var aflýst dögum áður en ferðin hófst. Starfsfólk BFSÍ stóð sig frábærlega og náði að fá 95% af gjöldum tengt mótinu endurgreidd, sem er líklega hæsta hlutfall allra þjóða.

Ísland var talið líklegt til að taka fyrstu verðlaun sína á HM/EM á þessu móti, en það verður þá að bíða til EM innandyrá 2024.



Anna María Alfreðsdóttir í 4 sæti á EM U21 2022

European Youth Cup leg 1 (Evrópubikarmót ungmenna 1) – Catez Slóvenía maí

Ísland vann silfur verðlaun í liðakeppni U21 kvenna og Freyja Dís Benediktsdóttir komst í brons leik einstaklinga á Evrópubikarmótinu.

Það vakti mikla athygli á mótinu að 3 af 8 stelpum í 8 manna úrslitum trissuboga U21 voru Íslenskar. Ísland var eina þjóðin á mótinu sem kom öllu 3 manna liði sínu líka í 8 manna einstaklings úrslit í sömu keppnisgrein.

Sex keppendur voru frá Íslandi á mótinu. Þrír þeirra unnu til verðlauna og hinir þrír komust í úrslit (topp 16+). Samtals voru 278 þátttakendur frá 24 af 48 þjóðum innan WAE.



Freyja Dís Benediktsdóttir í brons úrslitaleik einstaklinga

European Youth Cup leg 2 (Evrópubikarmót ungmenna 2) – Sion Sviss júní

Ísland keppti í tveim brons úrslitaleikjum í liða-keppni, en Ítalía vann annan leikinn og Frakkland vann hinn. Sjö keppendur kepptu frá Íslandi á mótinu. Fimm komust í úrslit (topp 16+) og tveir keppendur voru slegnir út á mismunandi stigum útsláttarkeppni.

Í Evrópubikarmótaröð ungmenna voru fjögur Íslensk ungmenni meðal topp 10 í sínum keppnisgreinum og Ísland var í 11 sæti í heildarniðurstöðum mótaráðarinnar. Evrópubikarmótaröð ungmenna eru samanlagðar niðurstöður úr báðum Evrópubikarmótum ungmenna á árinu. Efstu 3 íþróttamenn og 3 þjóðir hreppa bikarinn. Samtals voru 208 þátttakendur frá 20 af 48 þjóðum innan WAE í Sviss.



BFSÍ hópurinn á Evrópubikarmótinu í Sviss

Tournoi sédunois - Outdoor EYC (Alþjóðlegt landsmót í Sviss) – Sion Sviss júní

Degi fyrir Evrópubikarmót ungmenna í Sviss hélt Svissneska bogfimisambandið landsmót sem var opið alþjóðlegri þátttöku. Um helmingur þjóðanna sem kepptu á Evrópubikarmótinu tóku einnig þátt á landsmótinu og gengi Íslensku ungmenna þar var nokkuð gott. Uppskeran var 5 einstaklingsverðlaun (1 gull, 2 silfur og 2 brons).

Gaman er að geta þess að framkvæmdastjóri alþjóðabogfimisambandsins var að keppa á mótinu í 50+ flokki og sýndi Marín athygli. Þó að mótið sjálf teljist ekki innan hefðbundinna landsliðsverkefna þá var mótið hluti af ferðinni á Evrópubikarmót ungmenna í Sviss.

Samtals voru 110 þátttakendur frá 8 þjóðum.



Marín Aníta Hilmarsdóttir með gullið á mótinu

World Outdoor Youth Championships – Limerick Írland júlí

Anna María Alfreðsdóttir var eini keppandi Íslands á HM ungmenna í Írlandi í júlí. Anna var búin að vera eiga við meiðsli á árinu og dró sig því úr keppni í útsláttarkeppni HM og endaði í 33 sæti. Færri ungmenni lögðu för sína á HM ungmenna í þetta sinn en áætlað var upprunalega af tveim megin ástæðum: 1. Þátttöku kostnaðurinn var óvenjulega hár. 2. HM ungmenna byrjaði strax eftir að NM ungmenna lauk í Noregi og erfitt að komast á milli landa til þess að ná að keppa á báðum mótum. Flestir vildu frekar minni kostnað og meiri líkur á verðlaunum.

Samtals voru 697 þátttakendur frá 57 þjóðum.



Anna í undankeppni HM ungmenna

Nordic Youth Championships (NUM/NM ungmenna) – Larvik Noregi júlí

Íslandi gekk mjög vel á NM ungmenna í Noregi. Fjórir Norðurlandameistarar, sjö Norðurlandamet, átta silfur og tíu brons er ansi gott holl af árangri. Marín Aníta Hilmarsdóttir, María Kozak, Samúel Peterson og Patrek Hall Einarsson unnu Norðurlandameistararitla í einstaklingskeppni á mótinu fyrir Ísland.

Þátttaka Íslands á NM ungmenna jókst um næstum helming frá síðasta ári sem var ekki mjög óvænt þróun en mjög jákvæð þróun. Ísland er nú með sambærilega þátttöku á NUM og fjölmennustu Norðurlandapjóðir og Ísland er byrjað að ná sambærilegum árangri á heildina litið.



Íslensku keppendurnir á NM ungmenna 2023.

32 keppendur kepptu á NUM. 21 þeirra vann til verðlauna og hinir 11 komust í úrslit (topp 16+). Samtals voru 152 þátttakendur frá 6 af 6 þjóðum innan WAN.

World Series

World Series Open 2023

World Series innandyra heimsmótaröð World Archery 2023 (2022-2023 tímabilið) var mögulegt að stunda í fjarfyrirkomulagi frá því í Covid og því flestir Íslendingar sem tóku þátt í mótaröðinni sem ákváðu að taka þátt í Open hluta heimsmótaraðarinnar á Íslandi. Open hluti heimsmótaraðarinnra var tengdur við Bikarmótaröð BFSÍ og því giltu skor Íslenskra keppenda á Bikarmótum BFSÍ til stiga í heimsmótaröð WA. Það skilaði frábærum árangri þar sem að 17 Íslendingar voru í topp 16 sætum á World Series Open heimslista 2023 season-ið. Anna María Alfreðsdóttir náði topp sætinu á listanum í trissuboga kvenna U21 og nokkrir aðrir Íslendingar verndu topp 3 sæti í sínum flokkum.

World Series 2024

World Series innandyra heimsmótaröð World Archery 2024 (2023-2024 tímabilið) er komin aftur í nokkuð eðlilegt stand eftir breytingar sem komu til vegna kórónuveirufaraldursins og ýmis konar tilrauna starfsemi sem hefur verið í gangi hjá WA er að ljúka eins og fjarmóta tengingar við ýmis landsmót um heiminn (Open hluti heimsmótaraðarinnar).

World Series mót 1 Sviss - október

Freyja Dís Benediktsdóttir var eini keppandi Íslands á fyrsta mótið í heimsmótaröðinni í Sviss. Hún sýndi frábæra frammistöðu með næst hæsta skor í undankeppni mótsins og vann svo silfrið í úrslita-keppni trissuboga U21 kvenna.

World Series mót 2 Lúxemborg - nóvember

3 keppendur kepptu á IWS í Lúxemborg. Tveir komust ekki inn í útsláttarkeppni, en Freyja endaði í 9 sæti í U21 þrátt fyrir að boginn hafi ekki komið með í flugi og hún hafi keppt með lánsbúnaði



Freyja að keppa í gull úrslitum World Series U21 í Sviss

Úrslit World Series 2024

Úrslitamótin í heimsmótaröðinni 2024 (World Series Finals) verða haldin í janúar og febrúar fyrir topp 16 í mótaröðinni, því verður fjallað um þau í ársskýrslu BFSÍ 2024. En Freyja ætti að vera búin að tryggja sig í úrslitin.

Hæfileikamótun

Auðsjáanlegt er að hæfileikamótun síðustu ár hefur verið að skila góðum árangri t.d. á því að nokkrir einstaklingar í hæfileikamótun hjá BFSÍ hafa náð lágmarksviðmiðum fyrir Evrópuleika og/eða Ólympíuleika, og árangur BFSÍ í landsliðsverkefnum ungmenna að undanfögnu hefur aukist mikið. Helsta áhersla í hæfileikamótun BFSÍ er á einstaklings þjálfun. Slík þjálfun hefur almennt skilað mestum árangri í að hækka getustig íþróttafólksins og þar með árangur liða. Mest áhersla hefur verið á að bæta form og tækni einstaklinga, einnig ráð/aðstoð við stillingar/val á búnaði, æfingarskipulagsgerð, markmiðasetning og þátttöku-/fjárhagsáætlunargerð.

NM ungmenna er stór partur af því að gefa yngri keppendum aðildarfélagataækifæri til þess að komast í kynni við alþjóðlega keppni á skemmtilegan og lærdómsríkan veg. Þar sem þeir kynnast öðrum á Norðurlöndum með sömu áhugamál. Slíkt vekur einnig áhuga margra á að miða hærra í framtíðinni, þar sem þeir upplifa möguleika sína á því að geta náð lengra í íþróttinni. Því mætti hugsa um NM ungmenna sem fyrsta stigið í hæfileikamótun BFSÍ í samstarfi við aðildarfélögin. En BFSÍ tekur venjulega ekki yfir þjálfun efnilegra íþróttamanna fyrr en þeir eru að ná nálægt A/B skor viðmiðum ungmenna á sirka aldrinum 13-18 ára, með því markmiði að lyfta þeim upp á hæsta stig á alþjóðlegum stórmótum ungmenna.


Heilbrigðisteymi

Mest áhersla í heilbrigðisteymi á árinu var á íþróttasálfræði og almennt eftirlit/forvarnir slysa/meiðsla íþróttafólks hjá sjúkraþjálfurum á árinu. BFSÍ nýtti þjónustu nokkurra sjúkraþjálfara til þess að fylgjast með stöðu síns íþróttafólks sem vildi þá þjónustu. Meðal annars vegna sérhæfingu sjúkraþjálfara og mismunandi þarfa íþróttamanna. Einnig til þess að koma á móts við afreksfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins, að þeir geti leitað sér að þjónustu nær heima byggð og var einn slíkur notaður mikið á árinu við meðhöndlun meiðsla eins íþróttamanns.

Áætlað var að sjúkraþjálfari myndi fylgja liðinu út á EM innandyrna á árinu, en EM var á endanum aflýst vegna náttúruhamfara sem gengu yfir landið í febrúar.



Á mynd er Þórdís Unnur Bjarkadóttir á NUM 2022 þar sem hún var að taka þátt í fyrsta sinn. Þar var Þórdís næst hæst í undankeppni og vann Norðurlandameistaratiðil í U16 flokki liða. Hún var meðal þeirra sem tekin var inn í hæfileikamótun BFSÍ árið 2023. Á því tímabili vann hún til silfurverðlauna á Evrópubikarmóti í U21 flokki liða, gull í meistara-flokki liða á bikarmóti fullorðinna í Slóveníu og setti Norðurlandamet í U16 einstaklings o.fl. Svo að eitthvað dæmi sé nefnt.



Tilraunir með íþróttamælingar á árinu í samstarfi rannsóknarstofu íþrótt- og heilsufræði á vegum Háskóla Íslands

Menntun/endurmenntun afreksþjálfara

Starfsmaður Bogfimisambands Íslands (BFSÍ), Valgerður E. Hjaltested, var lærlingur í 6 vikur í World Archery Excellence Centre – WAEC (afreksíþróttamiðstöð heimssambandsins) í Ólympíuborginni Lausanne í Sviss í október og nóvember á árinu. Valgerður lauk m.a. hæsta þjálfarastigi hjá heimssambandinu (WA) og er hún annar íslenski þjálfarinn sem nær þeirri gráðu. Valgerður var í hópi lengra kominna þjálfara ásamt þjálfurum frá Brasilíu, Kyrgystan, Bútan og Kýpur. Verkefnið var fjármagnað með styrk frá Ólympíusamhjálpinni (Olympic Solidarity). Sá styrkur er að mestu greiddur til WAEC tengt kostnaði við þátttöku á WAEC Resident Coach Program og endurspeglast því ekki í reikningum BFSÍ. En áætlað er að styrkurinn sem starfsmenn BFSÍ náðu inn í bogfimi-hreyfinguna sé á aðra milljón.



Þeir 5 einstaklingar sem valdir voru í prógrammið

Einnig var haldið World Archery Coach L2 seminar (alþjóðlegt þjálfaranámskeið stig 2) á Íslandi 4-11 júlí með styrk frá Ólympíusamhjálpinni (Olympic Solidarity). Valgerður E. Hjaltested starfsmaður BFSÍ sat námskeiðið.

Alþjóðlegir dómarar

Tveir Íslenskir dómarar voru með alþjóðleg réttindi á árinu. Guðmundur Örn Guðjónsson WAECJ (Continental Judge), Sara Sigurðardóttir WAYJ (Youth Judge). Samtals eru 13 dómarar á Norðurlöndum með alþjóðleg dómara réttindi (IJ, IJC, CJ og/eða YJ) af þeim eru tveir Íslenskir.

Guðmundur sat ráðstefnu í höfuðstöðvum Þýska bogfimisambandsins DSB í nóvember. Ráðstefnan var fyrir dómara Evrópska bogfimisambandsins World Archery Europe. Farið var yfir nýjustu reglubreytingar frá heimsþingi 2023 og aðrar breytingar á regluverki og verkferlum sem komið hafa til síðan á síðustu ráðstefnu.

Mesti tími ráðstefnunnar fór í að fara yfir og ræða „case studies“ meðal annars til þess að greina hvar væri mögulegt að gera betur í verkferlum eða setja fram tillögur að reglubreytingum til WA til skýringar.



Kynning á nýjum reglum eftir heimsþingi á dómara ráðstefnu WAE

Afreksstefna og aðgerðaáætlun

Uppfærð afreksstefna BFSÍ var samþykkt á Bogfimiþingi BFSÍ í mars 2023, ásamt henni var kynnt á þinginu óbreytt aðgerðaáætlun afreksstarfs til fjögurra ára. Fáar efnislegar breytingar voru á afreksstefnunni. Afreksstefnan er rammi stjórnar BFSÍ fyrir afreksstarf BFSÍ.

2023 var þriðja ár átta ára Afreksstefnunnar og BFSÍ hefur þegar náð flestum markmiðum stefnunnar. Afreksstefna BFSÍ og markmið afreksstefnunnar voru metin sem metnaðarsöm af starfsmanni Afrekssjóðs ÍSÍ við yfirferð stefnunnar fyrir Bogfimiþing 2021 þegar hún var fyrst sett. Tvær tegundir af markmiðum eru í Afreksstefnu BFSÍ. 1:Markmið sem miðað er á að ná árlega (t.d. X% aukning ákveðins þáttar árlega). 2:Markmið sem er miðað að ná fyrir ákveðinn tímaramma (t.d. ná X árangri fyrir X ár). Þó mætti vinna að því að gera sum markmiðin en mælanlegri. Hér fyrir neðan er hægt að finna samantekt af markmiðum og stöðu þeirra.

Mælikvarðar á skammtímamarkmiðum í Afreksstefnu BFSÍ (2021-2024 umorðað)

- 5% fjölgun ungra iðkenda árlega / **2021 +76% náð** / **2022 +8% náð** / **2023 +33% náð**
- 5% fjölgun keppenda á ÍM árlega / **2021 -20%** / **2022 -1%** / **2023 -7%**
- Fjárfesta í búnaði sem þarf til þess að geta haldið stór alþjóðleg mót fyrir lok 2024 / **Í vinnslu (illmælanlegt markmið, vert að skoða að breyta því í mælanlegra markmið eða taka það út)**
- Árlegt hald dómara- og þjálfaranámskeið fyrir lok 2022 / **2022 náð** / **2023 náð**
- BFSÍ eigi a.m.k. 2 alþjóðlega dómara fyrir lok 2024 / **Markmiði náð 2022, réttindi gilda til 2026**
- Gera áætlun um stoðþjónustu sem er í boði fyrir afrekssólk fyrir lok 2022 / **Markmiði náð 2021 og birt**

- 3 keppendur í úrslitum A landsliðsverkefna árlega fyrir lok 2024 / **Markmiði náð 12 keppendur 2021-2023**
- 1 keppandi á Evrópuleikum 2023 / **Markmiði náð 1 keppandi vann þátttökurétt á Evrópuleikana 2023**
- 1 keppandi í topp 100 á heimslista fyrir lok 2023 / **Markmiði náð 2022 80 sæti**
- 4 keppendur í lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika 2024 – **Í vinnslu**

- 5% fjölgun á NM ungmenna árlega / **2021 +5%** / **2022 -21%** / **2023 +113%**
- 3 verðlaunahafar á Evrópubikar ungmenna fyrir lok 2023 / **Markmiði náð 3 verðlaunahafar 2021-2023**
- 5 keppendur í úrslitum HM/EM ungmenna fyrir lok 2023 / **Markmiði náð 13 í úrslitum 2021-2023**

Langtímamarkmiðum í Afreksstefnu BFSÍ sem hefur þegar verið náð (5-10 ára markmið 2025-2029 umorðað)

- 9 keppendur í úrslitum A landsliðsverkefna fyrir lok 2028 / **Markmiði náð 12 keppendur 2021-2023**
- 6 keppendur í úrslitum EM/HM ungmenna fyrir lok 2029 / **Markmiði náð 13 í úrslitum 2021-2023**

Svo gott sem öllum afreksmarkmiðum BFSÍ í afreksstefnunni hefur þegar verið náð. Sem er býsna vel af sér vikið og starfsfólk BFSÍ á hrós skilið fyrir það starf. Markmiðin eru sett hátt til þess að krefjandi sé að náð þeim. Því nást ekki alltaf öll markmið og þá horft til þess hve langt sé komið með að ná markmiðum. Kannski er bogfimiþing bara gott í að setja og náð „mark“ „miðum“ (smá bogfimi djók).

Eina markmiðið sem hefur ekki tekist vel til er aukin þátttaka á Íslandsmótum. Nokkrir þættir gætu hafa haft þar áhrif t.d. kórónuveirufaraldurinn hafði meiri áhrif á almenna iðkendur sem kepptu einnig á Íslandsmótum en afrekssólkið, fjölgun hefur verið töluverð meðal ungra iðkenda en ekki allir eru á því stigi að keppa á Íslandsmótum, á sama tíma hefur eldri iðkendur fækkað, skipt hefur verið um starfsmann sem sér um mótamál þrisvar á tímabilinu, 2020 var óvenju gott ár í þátttöku og lítil áhrif af faraldrinum, þar sem að Íslandsmótin á því ári voru haldin fyrir faraldurinn og í fyrstu lægð á samkomutakmörkunum utandyra. En áætlað er að þátttaka á Íslandsmótum muni byrja að aukast aftur í framtíðinni með meiri reynslu nýrra yngri iðkenda og þegar eldri almennir iðkendur sem dattu út í faraldrinum koma inn aftur.

Árangur í landsliðsverkefnum

Miklar breytingar hafa orðið á skilgreiningum á árangri innan ÍSÍ eftir breytingar komu til á reglugerð um Afreks-
sjóð ÍSÍ í nóvember. Tekinn hefur verið upp nýr árangurskvarði sem flokkar sérsambönd í sex flokka eftir árangri
þeirra á síðustu fjórum árum.

Til að ná flokkun sem Afrekssérsamband I eða II þarf árangurinn að nást á móti þar sem eru 40 eða fleiri þátt-
tökuþjóðir. Því gæti verið að tilfærsla verði á ákveðnum áherslum í afreksstarfi BFSÍ á næstu árum til þess að
færa sig nær þeim viðmiðum/markmiðum ASJ .

Flokkun sérsambanda vegna Afreksjóðs ÍSÍ			
ÁRANGURSKVARDI			
Afreks sérsamband	Kvarði	Einstaklingsíþróttir fullorðinsflokkur	Hópiþróttir fullorðinsflokkur
I	100%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótaroð í heimi, þar sem eru amk. 40 þátttökuþjóðir, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL þar sem eru amk. 40 þátttökuþjóðir eða náð inná Topp 15% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands, á síðustu fjórum árum.
II	85%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótaroð í Evrópu þar sem eru amk. 40 þátttökuþjóðir, á síðustu fjórum árum. Eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL eða sterkustu mótaroð í Evrópu/heimi, án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL þar sem eru amk. 40 þátttökuþjóðir, náð inná Topp 30% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.
III	60%	Hefur komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða á sterkustu mótaroð í Evrópu/heimi án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða á síðustu fjórum árum.	Hefur komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða eða náð inn á Topp 45% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands, á síðustu fjórum árum.
IV	50%	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.
V	35%	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.
Verkefna sérsamband		Uppfylla ekki skilyrði 13. gr. um Afrekssérsambönd. Áhersla ætti að vera á virka hæfileikamótun auk þátttöku í alþjóðlegu landsliðsstarfi með ungmenni og fullorðna.	

*Ef einstaklingur sem hefur náð afreki skv. árangurskvarða hættir alþjóðlegri keppni, gildir afrekið á árangurskvarðanum í tvö ár í stað fjögurra.

*Skilgreining Afreksjóðs á hópiþrótt: Hópiþrótt er alla jafna talin íþrótt þar sem ekki er keppt í einstaklingsgreinum og/eða a.m.k. þrjú leikmenn eru í liði og inná á sama tíma í samvinnu.

*Þátttaka er alla jafna talin regluleg ef a.m.k. þrjú einstaklingar taka allir þátt í þremur mótum árlega.

*Flokkun sérsambanda skv. árangurskvarða byggir á árangri þeirra á árunum 2020-2023.

Einnig bættust við önnur atriði s.s. tengt styrkjum úr Afreksjóði ÍSÍ til ungmennastarfs er nú aðeins horft til topp 16 árangurs á HM/EM/ÓL ungmenna á síðustu tveim árum. En það viðmið er ótengt flokkun sérsambandsins í árangurskvarðanum.

Margt er frábrugðið í reglugerð um Afreksjóð ÍSÍ og árangurskvarðanum frá því hvernig atriði voru metin áður. Því mun BFSÍ þurfa í samráði við starfsfólk ÍSÍ að uppfæra ákveðin atriði í Afreksstefnu BFSÍ á næsta bogfimi-
þingi til að samræma við nýjar reglur og viðmið ÍSÍ. En árangurskvarðinn á vafalaust eftir að þróast eitthvað á næstu árum. Sem dæmi eru 60% af verðlaunum á HM/EM/ÓL í bogfimi ekki metin formlega til árangurs að svo stöddu í árangurskvarðanum (liðakeppni), sem er meðal atriða sem er verið að skoða að finna lausn á.

Stjórn BFSÍ og íþróttastjóri eru þrátt fyrir það mjög ánægð með breytingarnar. Að sjálfsögðu verður eitthvað aðlögunarferli sem gæti mögulega hentað BFSÍ verr til skammtíma litið. En þar sem að þessi árangurskvarði er mun skýrari flokkun á sérsamböndum en hún hefur verið áður þá er þetta mikil framför. Þar sem að BFSÍ hefur sýnt sig sem sérsamband sem getur sett sér mælanleg og raunhæf markmið, og náð þeim, þá eru skýrari viðmið ávallt í hag BFSÍ.

Í samræmi við uppfærða reglugerð ASJ og árangurskvarðann er á næstu síðu samantekt yfir síðustu fjögur ár og árangur sem náðst hefur miðað við Afrekssérsamband I og II flokkun í árangurskvarðanum. Of langur listi væri að telja upp allan árangur innan BFSÍ sem fellur undir Afrekssérsamband III. En þar sem að þessar breyt-
ingar komu til við lok ársins 2023 verður gerð betri tölfræði í framtíðar ársskýrslum m.v. nýju viðmiðin.

Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL) 2020-2023

Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2022	9 sæti	40 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2022	7 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga karla lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir

Keppendur/lið í 17-32 sæti í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL) 2020-2023

Anna María Alfreðsdóttir	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Trissubogi blandað lið	EM utandyra 2022	17 sæti	40 þátttökuþjóðir
Alfreð Birgisson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Albert Ólafsson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Gummi Guðjónsson	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Astrid Daxböck	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Ewa Ploszaj	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveinbjörg Sumarliðadóttir	EM innandyra 2022	17 sæti	30 þátttökuþjóðir

Trissuboga kvenna lið	HM utandyra 2023	17 sæti	75 þátttökuþjóðir
-----------------------	------------------	---------	-------------------

Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefna í U-flokkum (HM/EM/ÓL ungmenna) 2020-2023

Anna María Alfreðsdóttir	EM U21 inni 2022	4 sæti	30 þátttökuþjóðir
Valgerður E. Hjaltested	EM U21 inni 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 inni 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 inni 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 úti 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM U21 úti 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigbogi blandað lið	EM U21 úti 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir



Trissuboga kvenna liðið á HM í Berlín eftir að Ítalía sló Ísland út í 24 liða úrslitum. Ísland endaði í 17 sæti.

Afrekslistar

Trissuboga kvenna landsliðið náði glæsilegum árangri á árinu og komst í 7 sæti á Evrópulista og 17 sæti á heimslista. Sem er í fyrsta sinn sem Íslenskt lið kemst í topp 20 sæti á heimslista og fyrsta sinn sem Íslenskt lið kemst í topp 10 sæti á Evrópu lista. Þó endurspeglast það ekki að fullu í töflunni hér til hliðar þar sem að BFSÍ miðar við stöðu um áramót en heimslisti uppfærast vikulega.

Afrekslistar í bogfimi eru margir enda um margar greinar að ræða. Samtals eru 42 afrekslistar, 10 heimslistar, 10 Evrópulistar, 16 World Series heimslistar og 6 World Cup heimslistar.

Aðeins eru gefin stig á afrekslista til þeirra sem komast áfram eftir undankeppni á alþjóðlegum stórmótum s.s. HM/EM, World Cup/Series og heimsálfubikarmótum (s.s. Evrópubikarmótum). Þeir sem komast ekki áfram eftir undankeppni fá engin stig.

Stig á heimslista og heimsálfalista (klassísku) fyrnast á tveim árum. Klassísku listarnir voru upprunalega utandyra heimslistar en var breytt 2022 svo að þeir innihalda sum innandyra mót og sum víðavangsbogfimi mót. Hugsunin er að reyna að skapa afrekslista sem næði yfir eins stóran hluta bogfimi íþróttta og mögulegt væri. Aðrar breytingar á útreikningi stiga á heimslista komu einnig til á sama tíma.

World Series og World Cup ranking listar gilda fyrir hvert tímabil (1 ár) og þeir eru ekki teknir með í töflunum hér til hliðar. Afrekslistar fatlaðra eru einnig ekki í tölfræði þar sem þeir falla undir árangur ÍF.


Til að auðvelda fyrir almenningi og áhugamönnum að fylgjast með stöðu BFSÍ í heiminum og Evrópu er hægt að horfa í töflurnar hér til hliðar. Þær svara á einfaldan máta: „Hvað er hæsta lið BFSÍ á heimslista og Evrópulista?“ og „Hvað er hæsti íþróttamaður BFSÍ á heimslista og Evrópulista?“ um áramót hvert ár. Ásamt því að sína þróun stöðunnar.

Á síðustu síðum ársskýrslunnar er að finna samantekt og þróun stöðu Íslands síðasta áratug á þessum „klassísku“ 10 heims- og 10 Evrópulistum. 170 aðildarþjóðir eru að heimssambandinu WA og 50 aðildarþjóðir að Evrópusambandinu WAE. Staða í töflunum miðast við stöðu um áramót, ekki við hæstu stöðu ársins.


Hæsta Íslenska lið á heimslista




Hæsta Íslenska lið á Evrópulista




Hæsti Íslendingur á heimslista einstaklinga




Hæsti Íslendingur á Evrópulista einstaklinga




HÆSTU Á EVRÓPULISTA TRISSUBOGA




HÆSTU Á HEIMSLISTA TRISSUBOGA




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA BLANDAÐ LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA BLANDAÐ LIÐ




HÆSTU Á EVRÓPULISTA SVEIGBOGA




HÆSTU ÍSLENDINGAR Á HEIMSLISTA




ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA KARLA LIÐ



ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA KARLA LIÐ



ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA BLANDAÐ LIÐ



ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA BLANDAÐ LIÐ

